



FLATASKÓLI



Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

ÁRSSKÝRSLA
SKÓLAÁRIÐ 2016 – 2017

Innihald

Inngangur	5
Annáll skólaársins	5
Ýmsar upplýsingar	9
Stjórnendur Flataskóla	9
Nefndir og ráð	9
Skóladagatal	10
Nemendur Flataskóla	11
Skóladagur nemenda.....	14
Nemendafélag	14
Skólaþing	14
Starfsmenn Flataskóla	15
Þróunarverkefni og símenntun starfsmanna	20
Þróunarverkefni.....	20
Réttindaskólaverkefnið	20
Heilsueflandi skóli.....	20
Vinaliðar í Flataskóla.....	20
Símenntun	22
Sjálfsmatsskýrsla.....	24
Samstarf heimilis og skóla	25
Haustfundir foreldra.....	25
Nemenda- og foreldraviðtöl.....	25
Skólaráð Flataskóla.....	25
Foreldrafélag Flataskóla	25
Bekkjarfulltrúar.....	26
Skýrslur árganga°	29
Skýrsla af starfi í 4 og 5 ára bekk	29
Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk.....	33
Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk.....	36
Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk.....	39
Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk.....	42
Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk.....	45
Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk.....	48
Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk.....	51
Skýrslur sérkennara	56
Sérkennsla í 5 ára og 1. og 2. bekk	58
Sérkennsla í 3. – 4. bekk	59

Sérkennsla í 5. – 7. bekk	60
Skýrslur kennara í list- og verkgreinum	61
Skýrsla í hönnun og smíði	61
1. bekkur.....	61
2. bekkur.....	61
3. bekkur.....	61
4. bekkur.....	62
5. bekkur.....	62
6. bekkur.....	62
7. bekkur.....	63
Skýrsla í textílmennt	64
1. bekkur.....	64
2. bekkur.....	64
3. bekkur.....	64
4. bekkur.....	65
5. bekkur.....	65
6. bekkur.....	65
7. bekkur.....	66
Skýrsla um myndmennt.....	67
1. bekkur.....	67
2. bekkur.....	67
3. bekkur.....	67
4. bekkur.....	68
5. bekkur.....	68
6. bekkur.....	68
7. bekkur.....	68
Skýrsla í íþróttum og sundi	70
Íþróttir	70
Sund.....	70
Skýrsla tónmenntakennara	73
Tónmennt – 4 og 5 ára bekkur	73
Tónmennt – 1. bekkur	73
Tónmennt – 2. bekkur	73
Tónmennt – 3. bekkur	74
Tónmennt – 4. bekkur	74
Tónmennt – 5. bekkur	75
Tónmennt – 6. bekkur	75
Tónmennt – 7. bekkur	76

Skýrsla heimilisfræðikennara	78
Heimilisfræði – 1. bekkur	78
Heimilisfræði – 2. bekkur	78
Heimilisfræði – 3. bekkur	79
Heimilisfræði – 4. bekkur	80
Heimilisfræði – 5. bekkur	80
Heimilisfræði – 6. bekkur	82
Heimilisfræði – 7. bekkur	82
Skýrsla námsráðgjafa.....	84
Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni	86
Nám og kennsla	86
Samskiptaverkefni	89
Mat á vetrarstarfi - vangaveltur og framtíðarsýn.....	89
Skýrsla tómstundaheimilisins Krakkakots	90

Inngangur

Ársskýrsla Flataskóla kemur nú út í fimmtánda sinn. Markmiðið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem unnið er í Flataskóla ár hvert. Ýmsar frekari upplýsingar um daglegt starf í skólanum er að finna á heimasíðu skólans, <http://www.flataskoli.is>. Skýrslan er gefin út á rafrænu formi og er vistuð á vef skólans.

Sjálfsmatsskýrsla Flataskóla er í viðauka 1. Þar má meðal annars finna niðurstöður lestrarskimunar og samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk.

Annáll skólaársins

Skólastarfið hófst með því að starfsmenn mættu að loknu sumarleyfi á endurmenntunarnámskeið 10. til 14. ágúst. Að loknum námskeiðum hófu starfsmenn vinnu við undirbúning skólaársins. Skipulagsdagar voru 15. – 22. ágúst.

Skólasetning var þriðjudaginn 23. ágúst að viðstöddum nemendum og forráðamönnum þeirra. Skólastarf hófst síðan samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 24. ágúst.

Í byrjun skólaárs var að venju hópeflis- og samskiptabema hjá öllum nemendum. Þar var áhersla lögð á að efla félagsleg samskipti nemenda og bekkjarandann. Vinabekkir fóru í heimsókn hver til annars og unnu saman að margvíslegum verkefnum. Lesnar voru sögur sem tengdust þemanu og nemendur hönnuðu vinabönd, vinakörfur og spiluðu saman á margvísleg spil.

Í byrjun september var útivistardagur í Flataskóla. Allir nemendur og starfsfólk skólans heimsótti þá Guðmundarlund í Kópavogi og dvaldi þar fram yfir hádegi í góðu veðri og undi sér við leiki og spjall. Vinabekkir léku sér saman og gættu hver annars og var sérlega gaman að sjá nemendur í 7. bekk hjálpa 4 ára og 5 ára krökkunum og fór vel á með þeim. Það voru svo grillaðar pylsur í hádeginu og var ekki annað að sjá en að allir væru ánægðir með þetta fyrsta uppbrot á skólastarfinu strax í upphafi skólaárs.



Í byrjun nóvember var vinavika í skólanum í tengslum við baráttudag gegn einelti. Nemendur unnu ýmis verkefni í tengslum við einelti. Annar og fjórði bekkur bjuggu til kærleikskúlur sem þeir fóru með í næsta nágrenni skólans og gáfu vegfarendum. Unnið var með vináttu og vináttutengsl og rætt var um einelti í bekkjunum. Á baráttudegi gegn einelti hittust vinabekkirnir og gerðu ýmislegt saman í tilefni dagsins. Þeir horfðu m.a. á myndina *Einelti, helvíti á jörð* og myndband frá landsliði kvenna í fótbolta

um einelti. Á eftir fóru fram umræður um málefnið. Það var með eindæmum skemmtilegt að sjá hversu vel nemendum í þessum vinabekkjum kom vel saman og allir virtust skemmta sér frábærlega.

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur 16. nóvember og af því tilefni komu í heimsókn í skólann Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra og starfsfólk ráðuneytisins og skólaskrifstofu Garðabæjar. Gestirnir voru viðstaddir sérstaka dagskrá í hátíðarsal skólans sem tileinkuð var degi íslenskrar tungu. Nemendur í öllum árgöngum skólans kynntu verkefni sem þeir unnu í anda dagsins þar sem þeir tóku fyrir ýmsa íslenska barnabókahöfunda með upplestri úr bókum þeirra og tölu um viðkomandi höfund. Nemendur notuðu kynntu einnig verkefni sín með myndböndum og söng.



Tveggja daga jólapema *Látum gott af okkur leiða* var að venju í byrjun desember. Nemendum var skipt upp í aldursblandaða hópa og bjuggu til ýmsa muni sem voru síðan seldir á jólamarkaði í skólanum. Ágóði markaðarins rann til hjálparstarfs. Mikil vinnugleði ríkti í öllum skólanum og var gaman að sjá hve allir voru duglegir að vinna að þessu verkefni enda gefandi og í anda jólanna að sinna þeim sem eru hjálparþurfi.

Í byrjun mars var að venju farið með öll börn í Flataskóla í vetrarferð í Bláfjöll. Farið var í þremur hópum og allir komust á þeim dögum sem skipulagðir voru. Allt gekk að óskum, nægur snjór var í fjöllum og allir skiluðu sér heilir heim.



Það var að venju mikið fjör í skólanum á öskudegi. Nemendur mættu í alls kyns búningum sem voru útbúnir af mikilli natni. Eins og undanfarin ár fengu nemendur að heimsækja ýmsar stöðvar víðs vegar

á göngum skólans til að leysa ákveðin verkefni og fengu sælgætispoka að launum. Verkefnin fólust m.a. í því að syngja, dansa, slá köttinn úr tunnunni, leysa stafaþrautir, stilla sér upp fyrir myndatöku eða sýna skemmtilegar grettur. Sjöundu bekkingar fylgdust með því að yngri nemendur leystu verkefn sín vel af hendi og veittu þeim verðlaunin. Einnig var sett upp draugahús og diskó í salnum. Eftir hádegismat gátu nemendur valið um að fara fyrir heim eða vera áfram og fara í leiki eða spila í kennslustofum. Mikil ánægja var með fyrirkomulag dagsins.

Um miðjan mars var *Flatóvision* haldið í níunda sinn í Flataskóla. Þetta verkefni hefur verið árlegur viðburður í skólastarfinu frá 2009 en skólinn tekur þátt í þessu verkefni ásamt 36 skólum í Evrópu. Hátíðin er haldin til þess að finna lag í samskiptaverkefnið *Schoolovision* sem er evrópst verkefni á vegum eTwinning sem er rafrænt skólasamstarf í Evrópu. Sigurlag *Flatóvision* að þessu sinni var lagið "Nótt" sem nemendur í 6. bekk fluttu. Lagið er eftir Svein Rúnar Sigurðsson og Aron Hannes flutti það í söngvakeppni sjónvarpsins 2017. Í *Flatóvision* fá nemendur úr 4. til 7. bekk að koma með atriði (lag og dans) sem þeir velja sjálfir og æfa (með tilliti til reglna sem settar eru hverju sinni). Dómarar að þessu sinni voru Hildur Kristín Stefánsdóttir söngkona, Árný Árnadóttir, Jóna Oddsdóttir og Svanhvít Guðbjartsdóttir, starfsmenn Flataskóla, tveir fulltrúar úr nemendaráði Garðaskóla og fyrrum nemendur Flataskóla þær Snæfríður og Anna Katrín. Finnbjörg og Mathilda skemmtu með undirleik og söng í hléi og fjórar stúlkur úr 6. bekk sýndu dans undir tónlist *Holla at me* með Chris Brown. Allt fór þetta vel fram og undir styrki stjórn nemenda úr 7. bekk sem sáu um tæknina, ljósina og aðra umgjörð í kringum hátíðina. Verðlaunahópurinn útbjó svo sjálfur myndband sem sent var á bloggsíðu *Schoolovision* verkefnisins. Nemendur í þeim skólum sem voru fulltrúar síns lands í Evrópu kusu um besta framlagið. Lokahátíð verkefnisins var svo 12. maí, í sömu viku og alvöru *Eurovision*-söngvakeppnin var. Framlag Flataskóla hafnaði í 4. sæti. Frábær árangur hjá krökkunum.



Flataskólaleikarnir voru að venju í maí. Skólalóðinni var skipt upp í fjögur svæði og nemendum skipt í aldursblandaða hópa þar sem eldri nemendur aðstoðuðu þá yngri. Á hverju svæði voru níu stöðvar með ýmis konar leikjum og þrautum eins og snú snú, póko, limbó, keilu, hollýhú, kubbb, hringjakasti, boccia og boðhlaupi.

Ljóðasamkeppni var haldin í maí þar sem allir nemendur skólans tóku þátt í. Nemendur í 4 og 5 ára, 1. og 2. bekk unnu með stafa- og rímljóð, í 3. og 4. bekk var unnið með hækur, í 5. og 6. bekk voru það ferskeytlur og í 7. bekk nútíma- og óhefðbundin ljóð. Verðlaunahafar úr öllum aldursflokkum fluttu síðan ljóð sín við skólaslit og fengu afhent verðlaun.

Síðusta kennsluvikan var helguð nýsköpun. Þá glímdu nemendur við fjölbreytta nýsköpunarvinnu. Margar skemmtilegar og nýstárlegar hugmyndir/uppfinningar litu dagsins ljós og voru nemendur áhugasamir um uppfinningar sínar. Föstudaginn 2. júní var svo uppskeruhátíð í skólanum þar sem afraksturinn var til sýnis á göngum skólans.

Sérstök athöfn var haldin í tilefni útskriftar nemenda í 7. bekk miðvikudaginn 7. júní. Við athöfnina fluttu fulltrúar nemenda hugleiðingar um árin sín í Flataskóla og verðlaunaljóð í ljóðakeppni Flataskóla. Veittar voru viðurkenningar fyrir góðan námsárangur, vinnusemi í námi, þróðmennsku, hjálpsemi og framfarir. Nemendur fengu afhentan vitnisburð og kveðju frá bekkjarfélögum og stjórnendur gáfu öllum nemendum birkiplötu til gróðursetningar sem kveðjugjöf frá skólanum. Að lokum buðu foreldrar upp á glæsilegt hlaðborð með fjölbreyttum veitingum.

Skólanum var slitið við hátíðlega athöfn í 59. skiptið fimmtudaginn 8. júní. Nemendur mættu í hátíðarsal skólans og er alltaf jafn ánægjulegt hve margir foreldrar koma með börnum sínum á skólaslitin. Við skólaslitin voru að venju kynnt úrslit í ljóðasamkeppni Flataskóla og verðlaunahafar lásu ljóðin sín.

Skólastarfið í Flataskóla þetta skólaárið var einstaklega farsælt. Nemendum hefur enn fjölgað mikið líkt og síðasta skólaár. Nú þurfti að nýta hvert einasta kennslurými skólans og tveimur lausum kennslustofum var bætt við á skólalóð Garðaskóla

Af því sem hér hefur verið rakið er ljóst að fjölbreytt starf fór fram í Flataskóla á liðnu skólaári. Umfjöllunin er þó engan veginn um tæmandi því ógerningur er að gera grein fyrir öllu því starfi sem unnið er í skólanum ár hvert. Nánar má lesa um Flataskóla og starf hans á heimasíðu skólans.

Garðabæ í júní 2017.

Helga María Guðmundsdóttir, aðstoðarskólustjóri



Ýmsar upplýsingar

Stjórnendur Flataskóla

Skólastjóri	Ólöf S. Sigurðardóttir
Aðstoðarskólastjóri	Helga María Guðmundsdóttir
Deildarstjóri sérkennslu	Helga Melsteð
Deildarstjóri eldra stigs	Birna Sif Bjarnadóttir
Deildarstjóri yngra stigs	Sigrún Guðmundsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri	Fanney Ófeigsdóttir

Nefndir og ráð

Skólaráð	Ólöf S. Sigurðardóttir, skólastjóri Helga María Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri Kristín Ósk Þorleifsdóttir, kennari Ragna Gunnarsdóttir, kennari Dóra Þórisdóttir, stuðningsfulltrúi Benedikt Hans Rúnarsson, foreldri Bertrand Andre Marc Lauth, foreldri Bryndís Lára Torfadóttir, foreldri Oddur Fannar Hjaltason nemandi Unnur Friðriksdóttir nemandi
Nemendaverndarráð	Ásta Bára Jónsdóttir Birna Sif Bjarnadóttir Fanney Ófeigsdóttir Helga María Guðmundsdóttir Helga Melsteð Margrét Helga Skúladóttir Ólöf S. Sigurðardóttir Sigrún Guðmundsdóttir
Stjórn starfsmannafélags Flataskóla	Auður Gunnarsdóttir Elín Ása Þorsteinsdóttir Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir Ragna Gunnarsdóttir Sigrún Guðmundsdóttir (kennari)
Áfallaráð	Ásta B. Jónsdóttir Helga María Guðmundsdóttir Jóna Guðrún Oddsdóttir Margrét Helga Skúladóttir Olga Guðrún Snorradóttir Ólöf S. Sigurðardóttir
Trúnaðarmaður kennara	Árni Már Árnason
Trúnaðarmaður starfsmanna	Hannes Ingi Geirsson til vara Íris Rut Jónsdóttir Íris Pálsdóttir til vara
Ritstjórn heimasíðu	Kolbrún Svala Hjaltadóttir

Skóladagatal

Starfsemi Flataskóla var í samræmi við samþykkt skóladagatal ársins 2016-2017. Það var unnið í samráði við skólaráð skólans og skólaskrifstofu. Sjá nánar á heimasíðu skólans <http://flataskoli.is>

Samkvæmt skóladagatali voru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda voru 174 og skertir dagar alls sex. Skertir dagar eru þeir dagar sem nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólaþingardagur, tveir nemenda- og foreldravíðtalsdagar, jólaþingun, öskudagur og skólaslitadagur.

Skólaþing var þriðjudaginn 23. ágúst 2016. Jólaþingunir voru 20. desember og jólaþing frá 21. desember til og með 2. janúar 2017. Vetrarþing var frá 20. til 24. febrúar og páskaþing frá 10. apríl til og með 17. apríl. Einnig féll kennsla niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 16. september, 24. október, 30. nóvember, 2. janúar og 26. maí. Skólaslit voru fimmtudaginn 8. júní.



Nemendur Flataskóla


Í lok skólaárs í maí 2017 voru nemendur skólans 542 þar af 252 drengir og 290 stúlkur. Skipting nemenda í árganga var eftirfarandi. Í 4 og 5 ára bekk voru 42 börn í einum umsjónarhópi. Í 1. bekk voru 57 nemendur í þremur umsjónarhópum. Í 2. bekk voru 77 nemendur í fjórum umsjónarhópum. Í 3. bekk voru 55 nemendur í þremur umsjónarhópum. Í 4. bekk voru 43 nemendur í tveimur umsjónarhópum. Í 5. bekk voru 83 nemendur í fjórum umsjónarhópum. Í 6. bekk voru 91 nemandi í fjórum umsjónarhópum og í 7. bekk voru 94 nemendur í fjórum umsjónarhópum.

Nemendafjöldi skiptist á eftirfarandi hátt eftir umsjónarhópum:


	Piltar	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennarar
4 og 5 ára	21	21	42	Fanney Ófeigsdóttir
1. AP	11	8	19	Anna Margrét Pálsdóttir
1. EP	11	10	21	Erna Þorleifsdóttir
1. HÆ	10	7	17	Hrefna Björk Ævarsdóttir
2. EV	11	7	18	Elísa Ösp Valgeirsdóttir
2. MT	8	11	19	Margrét Tómasdóttir
2. SB	9	10	19	Sif H. Bachmann
2. SG	12	9	21	Svanhvít Guðbjartsdóttir
3. ÁS	7	12	19	Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir
3. ÍB	8	10	18	Íris Björk Baldursdóttir
3. MH	7	11	18	Margrét Ásdís Haraldsdóttir
4. AG	9	12	21	Auður Gunnarsdóttir
4. KP	10	12	22	Kristín Þorleifsdóttir
5. BS	10	11	21	Bryndís Rut Stefánsdóttir
5. EÁ	12	9	21	Elín Ása Þorsteinsdóttir
5. RG	13	7	20	Ragna Gunnarsdóttir
5. SS	12	9	21	Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir
6. HH	10	14	24	Harpa Hjartardóttir
6. HR	9	13	22	Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir
6. RS	8	15	23	Rakel Svansdóttir
6. SL	8	14	22	Sara Lind Gunnarsdóttir
7. AH	14	12	26	Anna Lena Halldórsdóttir
7. HL	7	16	23	Hanna Lóa Friðjónsdóttir
7. MV	8	15	23	María Hrönn Valberg
7. RI	7	15	22	Rut Ingólfssdóttir Blurton
Alls	252	290	542	

	2012-13	2013-14	2014-15	2015-16	2016-17
Fjöldi nemenda	255	318	385	467	542


Tafla 1. Fjöldi nemenda í Flataskóla síðustu fimm ár.



Mynd 1. Kyn og fjöldi nemenda í Flataskóla skólaárið 2016-2017.



Mynd 2. Skólaleyfi nemenda veturinn 2016-2017.



Mynd 3. Lögheimili nemenda veturinn 2016-2017.



Skóladagur nemenda

Skólastarf hófst kl. 8:30 hjá öllum árgöngum. Hjá 1. - 4. bekk lauk skóla alla daga kl. 14:00 og hjá 5. – 7. bekk kl. 14:20.

Nemendur gátu mætt í skólann fyrir kl. 8:00 á morgnana og þá voru kennslustofur opnar. Skólaliðar voru á svæðunum og voru nemendum til aðstoðar þangað til kennsla hófst klukkan 8:30. Eftir að skóla lauk á daginn bauðst nemendum í 1. - 4. bekk lengd viðvera sem var starfrækt á vegum tómstundaheimilis skólans.

Prisvar í viku var morgunsamvera þar sem allir nemendur og starfsmenn komu saman í hátíðarsal skólans í 10 – 15 mínútur. Þar voru rædd mál líðandi stundar, fluttar tilkynningar og sungið saman. Markmiðið var að eiga notalega stund saman í byrjun skóladags. Á miðvikudögum sáu nemendur um skipulag morgunsamveru.

Nemendur fengu tíu mínúta nestistíma einu sinni á dag og einu sinni 20 mínúta hádegishlé. Í nestistímanum snæddu nemendur léttu hressingu í kennslustofunni en í hádegishléi var borðað í matsalnum. Tvisvar sinnum á dag voru nemendur í útivist þ.e. kl. 10:30-10:50 og kl. 12:30- 13:00. Nemendur sóttu íþróttakennslu í íþróttamiðstöð Garðabæjar, Ásgarð. Allir nemendur skólans voru með þrjá íþróttatíma á viku á stundaskrá, einn í sundi og tvo í íþróttum. Vegna viðgerða við sundlaugina í Ásgarði féll sundkennsla niður frá áramótum en nemendur fengu íþróttir inni og úti í staðinn. Í apríl til júní fengu nemendur í 1. og 2. bekk sundnámskeið í Álfanessundlaug.

Nemendafélag

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla skal starfa nemendafélag í grunnskólum sem á m.a. að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Markmiðið með nemendafélaginu er að auka félags- og samskiptafærni nemendanna sem og virðingu og metnað þeirra fyrir skólanum.

Tveir fulltrúar eru úr hverjum árgangi, einn strákur og ein stúlka, sitja í stjórn félagsins og er valið í stjórnina með því að draga á milli þeirra nemenda sem sýna áhuga eða bekkjarfélagar tilnefna. Hver fulltrúi situr eitt til tvö skólaár. Fundir voru haldir fjórum sinnum á skólaárinu og stjórnar aðstoðarskólastjóri fundum og heldur utan um nemendafélagið. Á fundunum voru rædd ýmis mál sem tengjast skólastarfinu, bæði það sem betur má fara og einnig það sem nemendur eru ánægðir með í skólastarfinu.

Skólaþing

Á skólaárinu var áfram unnið að því að efla nemendalýðræði og liður í því var að halda skólaþing þar sem nemendur sátu í aldursblönduðum hópum. Vegna mikillar fjölgunar nemenda var þeim nú skipt eftir árgöngum á skólaþingin. Skólaþing voru haldin hjá öllum þessum hópum tvisvar sinnum á skólaárinu í hátíðarsal skólans í 20-30 mínútur í senn.

Markmið þinganna er að nemendur þjálfist í að ræða ýmis mál, læri að koma skoðunum sínum á framfæri og að virða skoðanir annarra. Mál þau sem tekin voru til umræðu voru bæði fyrirfram ákveðin og einnig gátu nemendur borið upp mál sem þeir vildu ræða. Rætt var m.a. um það sem betur mátti fara í skipulagi á útivist, lagaval í morgunsamveru, matinn og samskipti nemenda. Skólaþingin tókust mjög vel og eru nú orðin fastur þáttur í skólastarfinu.

Starfsmenn Flataskóla

Skólaárið 2016 - 2017 voru 85 starfsmenn við skólann. Þar af voru fjörutíu og átta kennarar og stjórnendur, átta skólaliðar, ellefu stuðningsfulltrúar, níu starfsmenn tómstundaheimilis, fjórir í 4 og 5 ára deildinni og fimm aðrir starfsmenn. Starfsmannahópurinn samanstendur af fagmenntuðum og ófaglærðum sem vinna saman með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Eftirfarandi starfsmenn störfuðu við skólann skólaárið 2016 - 2017:


Nafn	Stöðuheiti	Starfshlutfall
Anna Elísabet Sævarsdóttir	kennari í 4 og 5 ára deild	100
Anna Lena Halldórsdóttir	umsjónarkennari í 7. bekk	100
Anna Margrét Pálsdóttir	umsjónarkennari í 1. bekk	100
Anna María Daníelsdóttir	stuðningsfulltrúi	63
Anna Sigríður Pálsdóttir	leiðbeinandi á tómstundaheimili	54,6
Arnar Gauti Grettisson	starfsmaður í 4 og 5 ára bekk	100
Auður Gunnarsdóttir	umsjónarkennari í 4. bekk	100
Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir	umsjónarkennari í 3. bekk	100
Árni Már Árnason	smíðakennari	100
Árný Árnadóttir	stuðningsfulltrúi	93,93
Ásta B. Jónsdóttir	námsráðgjafi	49
Berglind Anna Sigurðardóttir	textílkennari	100
Birna Sif Bjarnadóttir	deildarstjóri eldra stigs	100
Bryndís Rut Stefánsdóttir	umsjónarkennari í 5. bekk	100
Dagný Hallsdóttir	starfsmaður í 4 og 5 ára bekk	100
Dagur Snær Stefánsson	leiðbeinandi á tómstundaheimili	15
Dóra Þórisdóttir	stuðningsfulltrúi	93,93
Eliza Dantes Kristjansson	skólaliði	93,93
Elín Ása Þorsteinsdóttir	umsjónarkennari í 5. bekk	100
Elísa Ösp Valgeirsdóttir	umsjónarkennari í 2. bekk	100
Elísabet Kristjánsdóttir	skólaliði	56
Emilía Kristjánsdóttir	deildarstjóri 4 og 5 ára	100
Erna Þorleifsdóttir	umsjónarkennari í 1. bekk	100
Fanney Ófeigsdóttir	aðstoðarleikskólalastjóri	100
Finnur Jónsson	umsjónarmaður tómstunda	100
Guðlaug Einarsdóttir	sérkennari	66,67
Guðni Þór Þórsson	leiðbeinandi á tómstundaheimili	7,5
Guðrún K. Markúsdóttir	forfallakennari	
Gunnar Ágúst Arnórsson	húsvörður	100
Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir	umsjónarkennari í 6. bekk	100
Halldór Örn Blöndal Ragnarsson	leiðbeinandi á tómstundaheimili	37,5
Hanna Lóa Friðjónsdóttir	umsjónarkennari í 7. bekk	100
Hannes Ingi Geirsson	íþróttakennari	100
Haraldur Pálsson	leiðbeinandi á tómstundaheimili	30

Harpa Hjartardóttir	umsjónarkennari í 6. bekk	100
Helga María Guðmundsdóttir	aðstoðarskólastjóri	100
Helga Melsteð	deildarstjóri sérkennslu	100
Helga Sigríður Guðjónsdóttir	heimilisfræðikennari	49
Hjördís Arnarsdóttir	stuðningsfulltrúi	65
Hrefna Björk Ævarsdóttir	umsjónarkennari í 1. bekk	100
Hrefna Óskarsdóttir	stuðningsfulltrúi	81
Inga Dóra Stefánsdóttir	tónlistarkennari	100
Íris Björk Baldursdóttir	umsjónarkennari í 3. bekk	100
Íris Indriðadóttir	íþróttakennari í fæðingarorlofi	100
Íris Pálsdóttir	stuðningsfulltrúi	93
Íris Rut Jónsdóttir	stuðningsfulltrúi	93,93
Jamie Elizabeth Schelvis	stuðningsfulltrúi	100
Janis Novikovs	skólaliði	93
Jolita Balciuniene	stuðningsfulltrúi	93
Jóhanna G. Ólafsson	heimilisfræði- og íslenskukennari	100
Jón Bjarni Pétursson	íþróttakennari	100
Jóna Guðrún Oddsdóttir	skólaritari	100
Jónína Sigrún Ólafsdóttir	leiðbeinandi á tómstundaheimili	54,6
Kolbrún Svala Hjaltadóttir	kennsluráðgjafi í tölvum	100
Kristín Ósk Þorleifsdóttir	umsjónarkennari í 4. bekk	100
Lea Björk Auðunsdóttir	stuðningsfulltrúi	100
Linda Þorvaldsdóttir	myndmenntakennari	100
M. Elín Guðmundsdóttir	forfallakennari	
Margrét Ásdís Haraldsdóttir	umsjónarkennari í 3. bekk	100
Margrét Indíana Guðmundsdóttir	forfallakennari frá janúar	100
Margrét Tómasdóttir	umsjónarkennari í 2. bekk	100
María Aronsdóttir	matráður	70
María Hrönn Valberg	umsjónarkennari í 7. bekk	100
Marta Manzanilla Manumbas	skólaliði	93,93
Mary Ann Divinagracia	leiðbeinandi á tómstundaheimili	7,5
Olga G. Snorradóttir	grunnskólakennari	49
Ólöf Ásta Guðmundsdóttir	sérkennari	100
Ólöf S. Sigurðardóttir	skólastjóri	100
Rafn Emilsson	atferlisfræðingur	25
Ragna Gunnarsdóttir	umsjónarkennari í 5. bekk	100
Rakel Svansdóttir	umsjónarkennari í 6. bekk	100
Rogélia Helena Pinheiro Grilo	skólaliði	93,93
Rósa Vigfúsdóttir	forfallakennari	
Rut Ingólfsdóttir Blurton	umsjónarkennari í 7. bekk	100
Sara Lind Gunnarsdóttir	umsjónarkennari í 6. bekk	100
Sif H. Bachmann	umsjónarkennari í 2. bekk	100


Sigríður Kristín Sigurðardóttir	deildarstjóri 4 og 5 ára	100
Sigríður Ólafsdóttir	sérkennari	38
Sigrún Guðmundsdóttir	deildarstjóri yngra stigs	100
Sigrún Guðmundsdóttir	skólaliði	94,22
Sigurbjörg Helena Jónasdóttir	stuðningsfulltrúi	75
Sólveig Jóhannsdóttir	starfsmaður á bókasafni	81
Stefania Paula Bizoi	skólaliði	93,93
Steinunn Geirmundsdóttir	skólaliði	58
Sunna Sigurveig Thorarensen	starfsmaður í 4 og 5 ára	100
Svanhvít Guðbjartsdóttir	umsjónarkennari í 2. bekk	100
Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir	umsjónarkennari í 5. bekk	100
Theodóra Dís Agnarsdóttir	leiðbeinandi á tómstundaheimili	7,5
Þórdís Ylfa Þórsdóttir	starfsmaður 4 og 5 ára	12,5

Íris Indriðadóttir íþróttakennari var í fæðingarorlofi á skólaárinu. Þóra Dögg Ómarsdóttir deildarstjóri í 5 ára bekk var einnig í fæðingarorlofi. Lea Björk Auðunsdóttir, stuðningsfulltrúi fór í fæðingarorlof eftir áramót. Margrét Indíana Guðmundsdóttir kom úr fæðingarorlofi í janúar.


Við skólalok lét Ásta Bára Jónsdóttir, námsráðgjafi af störfum eftir 33 ára farsælt starf við skólann og þiggur hún nú eftirlaun. Einnig létu Hrefna Björk Ævarsdóttir kennari í 1. bekk og Sigríður Kristín Sigurðardóttir kennari í leikskóladeildinni af störfum. Þeim eru öllum þökkun og vel unnin störf við skólann og færðar bestu óskir um farsæla framtíð




Mynd 4. Kyn starfsmanna Flataskóla 2016-2017.



Mynd 5. Aldur starfsmanna Flataskóla 2016-2017.



Mynd 6. Lögheimili starfsmanna Flataskóla 2016-2017.



Mynd 7. Starfsaldur starfsfólks Flataskóla 2016-2017.

Þróunarverkefni og símenntun starfsmanna

Starfsmenn Flataskóla leggja áherslu á fagleg vinnubrögð og að veita nemendum og foreldrum öfluga þjónustu sem byggir á þekkingu og reynslu. Þess vegna er lögð rík áhersla á símenntun starfsmanna og fjölbreytta starfsþróun.

Þróunarverkefni

Skólaárið 2016-2017 var áfram unnið með nokkur af skólaþróunarverkefnum frá fyrra ári. Má þar nefna innleiðingu nýrrar aðalnámskrár, endurskoðun skólanámskrár samhliða endurskoðun á námsáætlunum og námsmati. Þessi verkefni voru helstu skólaþróunarverkefni sem unnið var að í Flataskóla á þessu skólaári auk neðangreindra verkefna.

Réttindaskólaverkefnið

Veturinn 2016-2017 var unnið af krafti í réttindaskólaverkefni sem unnið er í samstarfi við UNICEF á Íslandi. Markmiðið með verkefninu er að leggja Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna til grundvallar í öllu starfi skólans. Áhersla er lögð á að byggja upp lýðræðislegt námsumhverfi, auka þekkingu á mannréttindum og stuðla að gagnkvæmri virðingu innan skólasamfélagsins. Í verkefninu er skapaður rammi utan um þau markmið sem koma fram í aðalnámskrá grunnskóla, grunnskólalögum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, jafnrétti og lýðræði.

Heilsueflandi skóli

Heilsuefling í skólum er verkefni sem hefur það að leiðarljósi að efla getu barna og ungmenna til að takast á við verkefnin sem bíða þeirra í lífinu og stuðla að jákvæðum breytingum í samfélaginu. Í heilsueflandi skóla er leitast við að skapa umhverfi þar sem nemendur, í samstarfi við kennara og aðra, öðlast trú á að ná árangri í lífinu. Stuðlað er að jákvæðu andrúmslofti sem elur á góðum samskiptum og gagnrýnni umræðu um gildi og hugsjónir. Unnið hefur verið að verkefninu nú á fimmta ár. Veturinn 2016-2017 var verkefninu ekki nægilega vel sinnt og aðeins var haldið í horfinu og litlu bætt við. Stefnt er að úrbótum á næsta skólaári.

Vinaliðar í Flataskóla

Flataskóli fékk styrk úr þróunarsjóði grunnskóla Garðabæjar til að innleiða verkefnið Vinaliðar í Flataskóla

Aðalmarkmið verkefnisins er að bæta samskipti og líðan nemenda í frímínútum. Boðið er upp á fjölbreytt viðfangsefni og unnið að því að virkja alla nemendur til þátttöku í frímínútum. Hópur nemenda, vinaliðar, fær sérstaka þjálfun til að stýra og stjórna leikjum og stöðvavinnu í frímínútum. Markmiðið er að stuðla að fjölbreyttari leikjum í frímínútum, minnka togstreitu milli nemenda og leggja grunn sem gerir nemendum kleift að tengjast sterkum vinaböndum. Markmiðið er einnig að hampa góðum gildum, svo sem vináttu, virðingu og því að allir fái að taka þátt.

Vinnan skólaárið 2016-2017

Vinaliðaverkefnið hóf göngu sína í Flataskóla í ágúst 2016 og gert er ráð fyrir innleiðingarferli standi yfir fram í desember 2017. Verkefnastjórar í Flataskóla eru Erna Þorleifsdóttir og Hannes Ingi Geirsson og þeim til aðstoðar er Finnur Jónsson. Verkefnið er norskt að uppruna og starfrækt í rúmlega 1000 skólum í Noregi. Vinaliðaverkefnið er einnig starfrækt í Svíþjóð og Danmörku með góðum árangri og stofnendurnir eru þegar byrjaðir að kynna verkefnið í Þýskalandi og Bretlandi. Á Íslandi hefur Árskóli á Sauðárkróki séð um kynningu verkefnisins og hafa rúmlega 30 grunnskólar víðs vegar um landið nú þegar innleitt verkefnið. Vinaliðaverkefnið gengur út á það að hvetja nemendur til meiri þátttöku í ýmiss konar leikjum í frímínútum og skapa með því betri skólaanda.

Verkefnið fór af stað þannig að nemendur á miðstigi fengu glærukynningu frá verkefnastjórum verkefnisins í Flataskóla þar sem þeir fengu að vita hvað felst í starfinu og hvað þeir fái að launum, taki þeir það að sér. Val á vinaliðum er unnið eftir ákveðnu ferli sem fer þannig fram að eftir kynningu er dreift til nemenda svonefndum tilnefningarblöðum og nemendur tilnefna þá bekkjarfélaga sína sem þeir treysta í hlutverkið. Það er lögð áhersla á það við nemendur að þeir eigi að tilnefna nemendur sem þeir vita að komi vel fram við skólafélaga sína. Nemandi sem kemur illa fram við skólafélaga sína getur ekki tekið að sér starfið á því tímabili. En hann getur bætt hegðun sína og mögulega valist til starfsins einhvern tíma síðar.

Verkefnastjórar og umsjónakennarar fara síðan yfir niðurstöðurnar úr hverjum bekk fyrir sig í lok dags þegar nemendur eru farnir heim. Veljist nemandi í starfið sem hefur neikvæð áhrif á félagsandann í bekknum, ber umsjónarkennara og verkefnastjórum að láta annan nemanda taka þá stöðu. Umsjónarkennarar hringja í foreldra þeirra barna sem völdust í starfið og biðja þá um að ræða við barnið sitt heima hvort það vilji taka að sér starfið. Barnið mætir í skólann að morgni næsta dags og lætur umsjónarkennara sinn vita hvort það vilji taka að sér starfið. Þegar allir hafa gefið staðfestingu tilkynnir umsjónarkennari hverjir starfa sem Vinaliðar það tímabil.

Vinaliðar starfa frá hausti og fram að áramótum. Eftir áramótin eru tilvaldir nýir vinaliðar. Vinaliði getur starfað aftur, standi hann sig vel og njóti trausts kennara og samnemenda sinna.

Þumalputtareglan er að velja einn vinaliða fyrir hverja fimm nemendur í bekk og láta kynjahlutföllin í bekknum ráða fjölda hvors kyns. Þess vegna veljast fjórir nemendur úr 20 barna bekk til að taka að sér starfið. Eftir áramótin veljast aðrir fjórir nemendur og þá má geta sér til að á einu skólaári hafi valist átta Vinaliðar úr 20 barna bekk. Vinaliðastaðan er mjög eftirsótt af nemendum Flataskóla í 4.-7. bekkja og hafa færri komist að en vilja.

Starf vinaliða

Vinaliðar starfa í hálf t. ár í einu og enginn vinaliði starfar oft en tvennar frímínútur í viku. Vinaliðafrímínúturnar eru í hádegis frímínútunum, kl. 12:30-13:00, fjóra daga vikunnar. Vinaliði þarf að fara út á skólalóð fimm mínútum áður en frímínútur hefjast. Hann fer í Vinaliðavesti og setur upp leikjastöðina sína.

Vinaliðar sækja einnig fundi með verkefnastjórum á tveggja vikna fresti. Þá skipuleggja þeir hvaða leikjastöðvar eiga að vera í boði næstu tvær vikurnar. Verkefnastjórar aðstoða þá og raða þeim síðan á stöðvar. Vinaliði starfar aldrei einn á stöð. Það er einnig hlutverk verkefnastjóra að passa upp á að ekki myndist föst pör Vinaliða sem starfa alltaf saman. Verkefnastjórar setja því upp ný pör á tveggja vikna fresti.

Vinaliði býður alla velkomna í leikinn. Það er aldrei fullt í vinaliðaleik. Vinaliði finnur lausnir, kemur leiknum af stað og leikur með. Vinaliði er ekki gæslu- og þjónustuaðili fyrir hin börnin. Þetta eru frímínúturnar hans líka og hann á að leika með. Vinaliðinn leiðir leikinn áfram af sanngirni og með jákvæðum hætti.

Eitt mikilvægasta hlutverk Vinaliða er að bjóða öðrum börnum að vera með í leik. Mörg börn mæta beint á stöðvarnar og geta hafið leik en það er farið vel yfir það með Vinaliðunum að þegar leikurinn er byrjaður þá eigi þeir að hafa auga í kringum sína stöð og fara til barna í næsta nágrenni við leikinn og bjóða þeim að taka þátt í honum. Það er lögð áhersla á það við Vinaliðana að þeir bjóði börnum með nafni að vera með í leiknum. Það er eitt markmið verkefnisins að öll börn fái spurninguna „viltu vera með?“ í frímínútum.

Áhersla er lögð á að þeir nemendur sem taka að sér starf Vinaliða fái innsýn í samfélag sitt og tilfinningu fyrir viðburðum og því menningarstarfi sem er í nærsamfélaginu. Þetta er gert til að vinaliðarnir geti orðið kveikja að þátttöku nemenda og skólans alls í menningu samfélagsins. Vinaliðar fá því afhent

Samfélagskort þegar þeir hafa hafið störf í Vinaliðaverkefninu. Samfélagskortin veitir þeim afslátt eða frían aðgang að ýmsum viðburðum, söfnum og fleiru.

Í lok hvers tímabils er haldinn svokallaður Þakkardagur. Þá koma vinaliðar saman og gera sér glaðan dag með verkefnastjórum. Tveir Þakkardagar hafa verið haldnir og fóru þá hópar saman út að borða og í bío á skólatíma.

Námskeið

Vinaliðar sóttu þriggja klukkustunda leikjanámskeið á skólatíma. Á leikjanámskeiðinu fengu Vinaliðarnir líka tilsögn um starfið, ráðleggingar um hvernig er best að virkja önnur börn í leik, mikilvægi þess að vinna gegn einelti og margt fleira. Námskeið fyrir vinaliða var haldið undir stjórn verkefnastjóra úr Árskóla í Skagafirði í september 2016 og í febrúar 2017.

Einnig var haldið námskeið í september 2016 fyrir allt starfsfólk skólans þar sem verkefnið var kynnt og starfsfólki kenndir ýmsir skemmtilegir leikir.

Kynning á verkefninu

Í september 2016 var verkefnið kynnt fyrir öllum nemendum með kynningu á sal, einn árgangur í einu og kynnt fyrir foreldrum með upplýsingabréfi í tölvupósti. Einnig var vinaliðaverkefnið kynnt á heimasíðu Flataskóla. Í febrúar 2017 var aftur kynning fyrir nemendum í 4. – 7. bekk.

Næstu skref

Verkefnið er nú starfrækt í öllum bekkjardeildum en vinaliðar eru valdir úr 4. – 7. bekk. Á næsta skólaári er hugmyndin að bjóða nemendum úr 3. bekk að bætast í hóp vinaliða.

Skólinn hefur skrifað undir samning við Árskóla um verkefnið til að minnsta kosti þriggja ára. Aðalmarkmiðið er að allir nemendur skólans hlakki til að mæta í skólann sinn, alla daga og kvíði ekki fyrir frímínútum.

Verkefnið hefur farið mjög vel af stað í Flataskóla og almenn ánægja ríkir með framkvæmd þess. Flestar stöðvar þar sem vinaliðar bjóða upp á leiki hafa verið vel sóttar og augljóst að fjölmargir nemendur hafa nýtt sér þá leiki sem í boði hafa verið. Þar á meðal nemendur sem annars hefðu hugsanlega ekki fundið sig í frímínútum, leiðst og verið útundan.

Áfram verður haldið með þróunarverkefnið á næsta skólaári og gert ráð fyrir skipulagðri innleiðingu vinaliðaverkefnisins fram í desember 2017. Sömu verkefnastjórar munu halda utan um skipulagið.

Í september 2017 verður aftur námskeið fyrir starfsfólk skólans undir stjórn verkefnastjórar úr Árskóla. Í september verður nemendum gefinn kostur á að vera leiðtogar vinaliða og námskeið verður haldið fyrir þá.

Símenntun

Símenntun starfsfólks má skipta í tvo meginþætti: þætti sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þætti sem starfsfólk metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áherslatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu á grundvelli sjálfsmats skóla. Starfsfólki ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skóla, enda séu þau starfsfólki að kostnaðarlausu.

Símenntunaráætlun eða áætlun um starfsþróun fyrir skólaárið 2015-2016 tekur mið af því að uppfylla ákvæði um 102/126/150 stundir í endur- og símenntun. Áætlunin er annars vegar samansett af námskeiðum sem skólinn eða skólaskrifstofa stendur fyrir og miðast við að allir eða ákveðnir hópar kennara og starfsmanna taki þátt. Hins vegar er um að ræða endur- og símenntun sem kennarar og starfsmenn velja sjálfir. Verið er að þróa markvisst vinnulag við skipulag og utanumhald um símenntun.

Allir kennarar gera eigin starfsþróunaráætlun að hausti og bera undir stjórnendur til samþykktar. Kennarar hitta stjórnendur aftur að vori og fara yfir hvernig til tókst og skila inn yfirliti yfir símenntun sína. Skilgreining á endur- og símenntun er eftirfarandi:

- Námskeið á vegum skólans/skóladeildar – greitt af sveitarfélagi.
- Námskeið sem kennarar velja sjálfir og greiða úr Starfsmenntunarsjóði.
- Sjálfsnám.
- Námsefnisgerð.
- Kennsla á námskeiðum.

Námskeið á kennslutíma teljast ekki hluti af ofangreindum stundum.

Sjálfsmatsskýrsla

Sjálfsmatsáætlun skólans er byggð á skólastefnu Flataskóla og skólastefnu Garðabæjar. Sjálfsmatsskýrslan er birt í heild sinni í viðauka I.

Ólöf S. Sigurðardóttir, skólastjóri.



Samstarf heimilis og skóla

Samstarf heimila og skólans hefur aukist mjög á undanförunum árum. Margir kennarar eru nánast í daglegu sambandi við foreldra í gegnum tölvupóst. Mentor hefur verið í stöðugri þróun og verður sífellt aðgengilegri í notkun. Þar geta foreldrar fylgst náið með námsframvindu barna sinna og ástundun þeirra. Heimasíða skólans er sívirk og þess gætt að þar séu stöðugt birtar gagnlegar upplýsingar og nýjar fréttir úr skólastarfinu. Yfirumsjón með heimasíðunni hefur Kolbrún Svala Hjaltadóttir, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni og sér hún einnig um að fræða kennara um nýjungar í samskiptum og tölvumálum.

Hautfundir foreldra

Hautfundir foreldra voru haldnir á tímabilinu 6. - 14. september. Fundartíminn var kl. 17:30-18:30. Á þessum fundum kynntu umsjónarkennarar skólastarfið og foreldrar ræddu ýmis mál. Mæting á námskynningarfundina var um 80% og var betri en árið áður.

Í 4 og 5 ára bekk og 1. bekk voru kynningarfundir haldnir 18. og 22. ágúst kl. 17:30 fyrir foreldra og síðan voru einstaklingsviðtöl umsjónarkennara við foreldra og barn þriðjudaginn 23. ágúst.

Nemenda- og foreldraviðtöl

Nemenda- og foreldraviðtöl voru í október og janúar. Þá voru nemendur og forráðamenn þeirra boðaðir í viðtal til umsjónarkennara. Aðrir kennarar og starfsmenn voru einnig til viðtals í skólanum þegar viðtölin fóru fram. Foreldrar mættu að venju mjög vel á þessa fundi og var mæting í október 100% og í janúar 99% sem verður að teljast frammúrskarandi góð mæting.

Skólaráð Flataskóla

Samkvæmt lögum um grunnskóla sem tóku gildi 1. júlí 2008 skal starfa skólaráð við grunnskóla. Reglugerð um störf skólaráða var gefin út í árslok 2008. Skólaráð Flataskóla var formlega stofnað haustið 2008. Í skólaráði 2016-2017 sátu Ólöf S. Sigurðardóttir skólastjór, Kristín Ósk Þorleifsdóttir, kennari, Ragna Gunnarsdóttir kennari, Dóra Þórisdóttir stuðningsfulltrúi, Benedikt Hans Rúnarsson foreldri, Bertrand Andre Marc Lauth foreldri, Bryndís Lára Torfadóttir foreldri, Oddur Fannar Hjaltason nemandi og Unnur Friðriksdóttir nemandi. Helga María Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri sat einnig fundi skólaráðs. Skólaráð hélt fjóra fundi á skólaárinu. Á fundunum voru rædd ýmis mál og hér verða nefnd þau helstu: Skipulag skólastarfsins, starfsáætlun vetrarins, fjármál skólans, kannanir á skólastarfinu og skóladagatal.

Foreldrafélag Flataskóla

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppálenda. Rannsóknir hafa sýnt að ef foreldrar eru virkir í samstarfi þá líður börnunum betur í skólanum og námsárangur þeirra eykst. Einn mikilvægasti liðurinn í starfsemi félagsins er að stuðla að öflugu bekkjarstarfi. Fulltrúar foreldra koma að félagslífi í samstarfi við kennara, bekkjarkvöldum og ferðum ásamt því að aðstoða á ýmsan hátt við stærri viðburði. Foreldrafélagið hefur milligöngu um að kosnir séu tveir bekkjarfulltrúar í

hverjum bekk sem síðan hafa það hlutverk að skipuleggja og halda utan um félagsstarf bekkjarins í samvinnu við kennara.

Bekkjarfulltrúar

Á námskynningarfundum í öllum bekkjum eru valdir tveir til þrír bekkjarfulltrúar fyrir hvern bekk. Bekkjarfulltrúar eru tengiliðir foreldra við kennara og annað starfsfólk skóla. Bekkjarfulltrúar aðstoði eða sjái um að kennari fái aðstoð við vettvangsferðir, skemmtanir eða önnur verkefni sem kennari óskar aðstoðar við. Bekkjarfulltrúar sjá um að koma vinahópastarfi af stað þar sem það er í gangi. Bekkjarfulltrúar eru tengiliðir foreldra innbyrðis. Þeir aðstoða foreldra í bekknum við að koma hugmyndum sínum á framfæri, hvort sem það snýr að námi og kennslu eða félagslífi. Þeir aðstoða foreldra við að samræma útivistarreglur, afmælisgjafir og ýmislegt annað er varðar almenna samræmingu í uppeldi. Þeir geta líka átt frumkvæði að skemmtunum og fræðslu fyrir nemendur bekkjarins og fjölskyldur þeirra. Bekkjarfulltrúar eru einnig tengiliðir foreldra við stjórn foreldrafélagsins. Fulltrúar eru ábyrgir fyrir að mæta á bekkjarfulltrúafundi tvisvar á vetri þar sem lagðar eru línur fyrir vetrarstarfið. Komist þeir ekki skulu þeir kalla aðra til. Þeir skulu einnig aðstoða stjórn félagsins með nefndarstörf eða önnur verkefni sem til falla.



Skólaárið 2016-2017 voru eftirfarandi bekkjarfulltrúar:

1. bekkur

- Guðrún Yrsa Richter
- Steinunn Sigurmannsdóttir
- Edda Rán Jónasdóttir
- Harpa Rós Gísladóttir
- Helena Guðrún Óskarsdóttir
- Oddrún Helga Oddsdóttir
- Svanbjörg Helena Jónsdóttir
- Unnur Ýr Jónsdóttir



2. bekkur

- Sigrún Þorsteinsdóttir
- Stella Ólafsdóttir
- Karína Pilgaard Pedersen
- Wojciech Pawel Markowski
- Julio Esono Mba
- Harpa Hjartardóttir



3. bekkur

- Svava Björk Jónsdóttir
- Ragnhildur Ólafsdóttir
- Bryndís Ólafsdóttir
- Hulda María Eiríksdóttir
- Karólína Stefánsdóttir
- Ína Edda Þórsdóttir
- Steinunn Ragna Hjartar
- Íris Stefánsdóttir

4. bekkur

- Hrefna Björk Ævarsdóttir
- Svanbjörg Helena Jónsdóttir
- Thelma Harðardóttir
- Harpa Margrét Leifsdóttir
- Hanna Kristín Gunnarsdóttir
- Gunnhildur Eva Arnoddsdóttir



5. bekkur

- Matthildur Brynjólfsson
- Erla Hrönn Randversdóttir
- Erna Kristjánsdóttir
- Hjördís Ástráðsdóttir
- Freyr Þórðarson
- Bára Mjöll Þórðardóttir
- Björg Fenger

6. bekkur

- Anna Marta Ásgeirsdóttir
- Íris Rut Erlingsdóttir
- Sigríður Bryndís Stefánsdóttir

7. bekkur

- Kolbrún Þóra Þórðardóttir
- Hlédís Þorbjörnsdóttir
- Særún Vignisdóttir Michelsen
- Katrín Þorkelsdóttir
- Hrönn Stefánsdóttir
- Gunnhildur Eva Arnoddsdóttir



Skýrslur árganga°

Skýrsla af starfi í 4 og 5 ára bekk

Nemendur

Skólaárið 2016-2017 voru nemendur í 4 og 5 ára bekk Flataskóla alls 42 talsins. Voru 33 nemendur í 5 ára bekk og 9 nemendur í 4 ára bekk. Í hópnum voru 21 stelpa og 21 strákur. Nemendum var skipt í þrjá hópa. Tvo 5 ára hópa, Mána (16 nemendur og Sólir (17 nemendur) og einn 4 ára hóp, Stjörnur (nú nemendur).



Starfmenn

Í vetur störfuðu að jafnaði 7-8 starfsmenn í 4 og 5 ára bekk. Fanney Ófeigsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og íþróttakennari kenndi öllum hópum íþróttir. Emilía Kristjánsdóttir leikskólakennari og deildarstjóri 5 ára bekkjar hafði umsjón með Mánum (5 ára). Anna Elísabet Sævarsdóttir kennari hafði umsjón með Sólum (5 ára). Sigríður Kristín Sigurðardóttir var deildarstjóri í 4 ára bekk og hafði umsjón með þeim. Leiðbeinendur voru Lea Björk Auðunsdóttir í fjarveru Jamie Elizabeth Schelvis sem var í fæðingarorlofi á haustönn. Ragnhildur Árnadóttir starfaði á deildinni á haustönn. Sunna Sigurveig Thorarensen, Dagný Haraldsdóttir og Arnar Gauti Grettiðsson. Í hlutastarfi var Þórdís Ylfa Þórsdóttir. Þóra Dögg Ómarsdóttir var í fæðingarorlofi.

Aðrir kennarar sem komu að námi barnanna voru Inga Dóra Stefánsdóttir sem sá um tónmenntakennslu þrisvar í viku, Guðlaug Einarsdóttir sérkennari var með málörvunarhóp tvisvar í viku, Sólveig Jóhannsdóttir starfsmaður á bókasafni og Steinunn Geirmundsdóttir aðstoðuðu við matinn. Rafn Emilsson kom að nokkrum málum. Í sumar störfuðu fjórir starfsmenn á deildinni en þeir störfuðu þar allir síðastliðið ár.

Meginmarkmið

Samkvæmt lögum um leikskóla skal meginmarkmið leikskólauppeldis vera:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Meginárherslur:

- Brúa bilið milli leik- og grunnskóla
- Undirbúa börnin fyrir komandi grunnskólagöngu og ýta undir jákvæð kynni af skólaumhverfinu
- Aukin félagsleg færni
- Ýta undir nám barna með leik að leiðarljósi
 - Áhersla á stærðfræði og læsi
- Að læra og tileinka sér siði skólans og umhverfi hans.

Kennslustofur



4 og 5 ára bekkur nýtir kennslustofur S-226, S-227 og S-224 Rennihurðir eru á milli kennslustofanna. Fatahengi barnanna eru fyrir framan stofurnar. Notaðir voru plastkassar undir aukaföt sem liggja undir bekkjum í fataklefa. Fatahengi eru ekki fullkláruð. Auk kennslustofanna höfðu bekkirnir aðgang að íþróttahúsi og fimleikasal þrisvar sinnum í viku, tónlistarstofu þrisvar í viku, heimilisfræðistofu tvisvar í viku og loks að bókasafni, hátíðarsal, Krakkakoti og stóru útisvæði á skólalóð og að fótboltavöllum.

Skóladagurinn

Boðið var upp á vistun frá kl. 8:00 - 17:00. Ekki var boðið upp á morgunmat en ávaxtastund var á hverjum morgni. Hádegismatur kom frá Skólamat.

Í upphafi einkenndist stundarskráin af vali, leikjum og útiveru. Lögð var áhersla á að börnin fengju tækifæri til að kynnst hvert öðru, kennurum og nýju skólaumhverfi í gegnum leik. Í september varð stundarskráin markvissari. Samverustundir og lestrarstundir voru í minni hópum og undirbúningur hófst í markvissri málörvun. Unnið var með kennslumiðaða leiki í spjaldtölvum, stafainnlögn einu sinni í viku, stærðfræði í leikjum með tölur einu sinni í viku. Farið var í heimilisfræði, íþróttir, textíl og myndmennt. Í janúar hófst vinna í öllum hópum með Vináttuverkefni Barnaheilla og einnig með Barnasáttmálann (Flataskóli er réttungaskóli UNICEF). Í janúar hófst vinna með K-Pals með 5 ára nemendum. Ásamt fjölbreyttri verkefnavinnu og leik. Börnin fóru einnig í frímínútur með öðrum nemendum skólans ásamt útiveru eftir hádegi. 4 og 5 ára bekk var skipt niður í þrjá hópa. Hver hópur átti sína heimastofu, umsjónarkennara og leiðbeinanda. Hóparnir unnu saman í verkefnavinnu, fóru saman í tónmennt, heimilisfræði og íþróttir og voru saman í samverustundum. Lögð var rík áhersla á einstaklingsmiðað nám þar sem geta hvers og eins var metin og fengu börnin verkefni við sitt hæfi. Hádegisverður var í Krakkakoti. Einnig var unnið með allan barnahópinn í senn, t.d. í hópavali, hringekju, vettvangsferðum, í útiveru og í frjálsum leik. Í október voru tekin Hljóm-2 próf á öllum 5 ára börnum (börnum fædd 2011). Að því loknu fóru nokkur 5 ára börn í málörvunarhóp til Guðlaugar einu sinni til tvisvar í viku frá byrjun nóvember og fram í maí.



Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf einkenndist af daglegum samskiptum, tölvupóstsendingum og tveimur skipulögðum foreldra og nemendasamtölum, annað í upphafi skólaárs og hitt í janúar 2017. Nokkrir foreldrar komu með Flataskóla í skíðaferð í Bláfjöll. Við skólaslit í júní komum við saman á sal ásamt nemendum úr 1. og 2. bekk og hlustuðum á orð skólastjóra og skóla var formlega slitið. Að því loknu kvöddum við eldri barnahópinn okkar með skemmtilegri samveru í stofunni okkar og fengu þau viðurkenningaskjal og rós að gjöf. Var öllum foreldrum 4 ára og 5 ára barna boðið að vera viðstödd þessa samveru og í kjölfarið var morgunkaffi þar sem allir komu með veitingar á sameiginlegt veisluborð.

Ekki voru skipaðir foreldrafulltrúar þennan vetur.

Vinabekkur

7. bekkur í var vinabekkurinn okkar veturinn 2016-2017. Bekkirnir komu í heimsókn til hvors annars til að leika og hafa gaman og voru saman í sameiginlegum ferðum skólans sem og öðrum uppákomum eins og jólaföndri, jólaballi og öskudagsballi.

Ferðir

- September: Haustferð Flataskóla – Guðmundarlundur.
- Febrúar: Tónleikar með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Skrímslið litla systir mín.
- Apríl: Skíðaferð í Bláfjöll.
- Maí – Útskriftarferð í húsdýragarðinn.
- Júní – Vorganga frá Flataskóla – Göngutúr á Fitjaróló með nesti og í hádeginu voru grillaðar pylsur í Flataskóla.
- Gönguferðir í nærumhverfi og farið á Flataróló og Fitjaróló.



Uppákomur:

- Samvera á sal. Þrisvar í viku var samvera á sal með öllum nemendum skólans. Nemendur skiptust á að vera með uppákomur fyrir samnemendur sína. 4 og 5 ára bekkurinn var tvisvar sinnum yfir veturinn með undirbúið atriði sem hann flutti í samverunni fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra.
- Slökkviliðið kom í heimsókn með kynningarefni fyrir barnahópinn.
- Umferðarskólinn.
- Leikhús í tösku, jólaeikrit á aðventunni fyrir 4 og 5 ára og 1.bekk.
- Nýsköpunarverkefni

Samstarf við 1. bekk – brúum bilið

Hóparnir hittust og horfðu saman á jólaeikrit og léku saman úti í frímínútum. Á vordögum var 5 ára börnunum boðið í vorskóla þar sem kennarar 1. bekkjar skipulögðu verkefni og leik.

Sumarið 2017

Í byrjun apríl voru foreldrar beðnir um að skila inn óskum um sumarleyfi barna sinna. Öll börn á leikskólaaldri þurfa að taka fjórar vikur samfleytt í sumarleyfi. Sumarleyfi barnanna dreifðist þannig að opið var í allt sumar. Fjórir starfsmenn sáu um hópinn.

Mat á vetrinum

Skólagangan hófst með samtali kennara við foreldra og nemendur. Daginn eftir hófst hópaðlögun sem gekk mjög vel. Bekkurinn samanstóð af dugmiklum ákveðnum ungum einstaklingum sem þurftu gott utanumhald. Allt skipulag hópanna gekk afar vel og var í stöðugri þróun þennan vetur. Ný og skemmtileg verkefni voru tekin inn. Vináttuverkefni Barnaheilla, Réttindaskólaverkefnið, K-Pals fyrir 5 ára nemendur og nýsköpunarverkefni á vordögum. Verkefnavinnan með börnunum var fjölbreytt en innlögð bókstafa, lestur og stærðfræði í leik og skemmtilegri verkefnavinnu voru gerð góð skil. Mörg barnanna í 5 ára bekk voru orðin læs eftir veturinn. Skólaárið 2016-2017 var skemmtilegt, fjölbreytt og uppbyggilegt. Börnin tóku miklum framförum jafnt félagslega sem og í almennum þroska.



Samvinna við talmeinafræðing, sálfræðing og sérkennslufulltrúa frá Sérfræðipjónustu skóladeildar var afar góð og góður stuðningur og viðbót við allt það fagfólk sem við höfðum aðgang að hér í Flataskóla. Foreldrasamstarf var mjög gott. Upplýsingaflæði til foreldra var gott sem og öll samskipti milli foreldra og starfsmanna.

Allt samstarf innan starfsmannahópsins einkenndist af virðingu og gagnkvæmu trausti. Samvinna og starfsgleði ríkti innan starfsmannahópsins sem skilaði sér í metnaðarfullu og góðu starfi með börnunum.

Fanney Ófeigsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri Flataskóla

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Almennt um árganginn

- Nemendur í 1. bekk voru 57 í þremur umsjónarhópum.
- Umsjónarkennarar voru Anna Margrét Pálsdóttir, Erna Þorleifsdóttir og Hrefna Björk Ævarsdóttir.
- Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru Guðlaug Einarsdóttir sérkennari, Olga Snorradóttir stundakennari. Erna Þorleifsdóttir, Hannes Ingi Geirsson og Jón Bjarni Pétursson kenndu sund og íþróttir, Jóhanna G. Ólafsson heimilisfræði, Inga Dóra Stefánsdóttir tónmennt, Linda Þorvaldsdóttir myndmennt, Berglind Anna Sigurðardóttir textílmennt, Árni Már Árnason smíði og Sigrún Guðmundsdóttir tölvur.
- Kennt var í stofum S218, S220 og M206.

Kennslustundir

Nemendur fengu alls 32,5 kennslustundir sem skiptust í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, íþróttir, sund, textílmennt, tónmennt, samsöng á sal, smíði, tölvur og heimilisfræði.

Námsbækur

Sproti 1a æfingahefti

Sproti 1b, nemenda- og æfingahefti

Sproti 2a, nemenda- og æfingahefti (tveir kaflar)

Viltu reyna?

Við lesum A

Lestrarlandið – Vinnubók 1, 1+, 2, 2+

Leikur að orðum (ljósrit)

Skrift 1

Enskuhefti fyrir jól einu sinni í viku.

Lestur

- Álfasaga um þakklæti
- Palli var einn í heiminum
- Gula sendibréfið
- Afi minn í sveitinni
- Lubbi Lundi
- Flóðhestur á heimilinu.

Skipulag kennslunnar

Samkenntsla var að hluta í 1. bekk og unnið var með hópinn sem eina heild. Skipulag kennslunnar var fjölbreytt og áhersla var lögð á hlutbundna kenntslu, uppgötvunarnám. Einnig unnum við mikið í hringekju sem var skipt þvert á árganginn ásamt fleiru. Komið var til móts við getu nemenda í lestri og stærðfræði. Áhersla var lögð á hreyfingu sem nemendur hófu flesta daga, ýmist í íþróttum eða í hreyfileikjum.



Þemaverkefni

- Sýna og segja frá. Nemendur komu með hlut að heiman og sýndu hann og sögðu frá.
- Húsdýrin. Kynnt voru fyrir nemendum húsdýrin á Íslandi.
- Nýsköpun.
- Álfapema.
- E-twinning verkefni um refinn.



Foreldrasamstarf

Á haustfundi buðu sex foreldafulltrúar sig fram og voru haldnir tveir viðburðir, einn á haustönn og annan á vorönn.

Ferðir árgangsins

- Guðmundarlundur.
- Nærumhverfi skólans.
- Hraunið við skólann.
- Flataróló.
- Fitjaróló.
- Útivistarsvæði á bakvið Jötunheima.
- Heimsóknir á Bæjarból og Kirkjuból.
- Kirkjuheimsókn.
- Ferð í FG á leiksýningu.
- Vorferð við Vífilsstaðavatn.

Námsmat

- Stafakunnátta.
- Lesferilspróf frá Menntamálastofnun lögð fyrir í janúar og maí.
- Sjónrænn orðaforði kannaður í janúar.
- Kaflapróf úr Sprota. Miðsvetrar- og vorpróf í stærðfræði.
- Stafsetningarpróf að vori.

Umsögn um veturinn

- Veturinn hefur gengið vel og tókst vel að vinna með hópinn sem eina heild og hafa nemendur tekið miklum framförum bæði í félags- og skólafærni.
- Stafainnlögn gekk mjög vel og náðum við að leggja inn alla stafina fyrir jól.
- Hringekjur þvert á árganginn gengu mjög vel. Þar sem viðfangsefnin voru fjölbreytt.
- Lestur á vorönn gekk einstaklega vel.
- Hávaði og óróleiki í matsalnum er eitthvað sem þarf að skoða.



Anna Margrét Pálsdóttir, Erna Þorleifsdóttir, Hrefna Björk Ævarsdóttir, umsjónarkennarar

Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Almennt um árganginn.

- Nemendur í 2. bekk voru 78 í fjórum umsjónarhópum
- Umsjónarkennarar voru Elísa Ösp Valgeirsdóttir, Margrét Tómasdóttir, Sif H. Bachmann og Svanhvít Guðbjartsdóttir. Að auki komu Rósa Vigfúsdóttir og Margrét Indíana Guðmundsdóttir að umsjónarkennslu um nokkurt skeið.
- Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru Berglind Anna Sigurðardóttir sem kenndu textílmennt, Árni Már Árnason smíði, Linda Þorvaldsdóttir myndmennt, Jón Bjarni Pétursson tónmennt. Jón Bjarni Pétursson og Hannes Geirsson sáu um íþróttar- og sundkennslu. Guðlaug Einarsdóttir sá um sérkennslu árgangsins og Olga G. Snorrardóttir kom að almenntri kennslu.
- Kennt var í stofum A202, A204, A206 og A208.

Kennslustundir

- Nemendur fengu alls 32,5 kennslustundir á viku sem skiptust í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, ensku, lífsleikni, íþróttir, sund, textílmennt, tölvur, tónmennt, myndmennt, heimilisfræði og smíði.
- Námsfni og námsbækur í öllum greinum og þau verkefni sem voru unnin.
 - Íslenska 8 stundir.
 - Stærðfræði 6 stundir.
 - Náttúrufræði 3 stundir.
 - Samfélagsfræði 4 stundir.
 - Enska 1 stund.
 - Lífsleikni 1 stund.
 - Upplýsingatækni 1 stund.
 - Íþróttir 2 stundir.
 - Sund 1 stund.
 - Tónmennt og morgunsamvera 1,5 stundir.
 - List- og verkgreinar 4 stundir.



Íslenska

Ritrún 2 og byrjað á 3, Skrift 2 auk fjölbreyttra verkefnahefta.
Lesskilningur: Lesskilningshefti.

Stærðfræði

Sproti 2a og 2b nemendahefti og æfingahefti. Viltu reyna, í undirdjúpunum, aukaverkefni í samlagningu og frádrætti.

Náttúrufræði/Samfélagsfræði

Ástarsaga úr fjöllum. Þemaverkefni um tröll.
Hafið, Líkaminn og bíllinn í bókaflokknum „Komdu og skoðaðu“.

Enska

Talað mál og hlustun auk verkefna.

Útikennsla

Útileikir, gönguferðir í fjöruna, hraunið og nánasta umhverfi.

Upplýsingatækni

Fingrafimi, krækjur Flataskóla, t.d. úr efni í möppu á yngsta stigi. 2Create a story. Afla sér upplýsinga af netinu.

Lífsleikni

Klípusögur og umræður um lífið og tilveruna. Spor 2.

Skipulag kennslunnar

- Smíðjuhópar þvert á árganginn.
- Berglind og Linda kenndu textíl og myndmennt. Árni Már kenndi smíði.
- Hringekjuhópar þvert á árganginn í samfélagsfræði.
- Íslenska og stærðfræði, hringekjuhópar tveir og tveir bekkir saman.

Þemaverkefni

Samfélagsfræði: Hafið, Líkaminn, Bíllinn og tröllaverkefni unnin í lotum. Bækurnar lesnar samhliða verkefnavinnu af ýmsu tagi s.s. samstarf með 3. bekk í þemaverkefni um hafið, sjö stöðvar með ýmsum fiskaverkefnum, bók um líkamann, og bílamappa með ýmsum verkefnum. Tröllaverkefni unnið upp úr sögunni Ástarsaga úr fjöllum. Nemendur gerðu Flumbru og strákana átta, hugtakakort, ritun, myndir, leikrit, dans og enduðu á að bjóða foreldrum í tröllakaffi.

Foreldrasamstarf

- Foreldrafélagið stóð fyrir tveimur viðburðum á skólaárinu, Halloween skemmtikvöldi í október og spilakvöldi með Spilavinum í apríl.

Ferðir

2. bekkur fór í nokkrar ferðir á árinu.

Haust:

- Guðmundarlundur.
- Gönguferð um hraunið
- Fjöruferð
- Leiksýning í Salnum – Pétur og úlfurinn
- Jólatónleikar í Tónlistaskóla Garðabæjar
- Kirkjuferð

Vor:

- Vasaljósagönguferð út í hraun
- Skíðaferð í Bláfjöll
- Hönnunarsafn Garðabæjar
- Lítil saga úr orgelhúsi
- Hjólaferð
- Fjallganga - Vorferð skólans
- Hellisgerði



Námsmat

Haust

- Lesferilspróf, stærðfræðipróf, kannanir úr Sprota.

Vor

- Lesferilspróf, stærðfræðipróf, kannanir úr Sprota og stafsetningarkönnun.
- Sjálfsmat í tröllapema, bílaverkefni og líkamaverkefni.

Umsögn um veturinn

Unnin voru nokkur stór verkefni í vetur. Gott samstarf var við 3. bekk með verkefni um hafið en þar var skipt í sjö hópa sem blönduðust þvert á árgangana. Einnig unnum við skemmtilegt verkefni um tröll út frá bókinni Ástarsaga úr fjöllum. Við unnum töluvert í hringekjum í vetur og gekk það mjög vel. Í hringekjum styrktust vinabönd á milli bekkja. Sundnámskeið gekk vel og voru nemendur mjög ánægðir. Er það mat kennara að haust og vörnámskeið í sundi gæti verið góð lausn fyrir yngri nemendur.

Það sem betur mætti fara er t.d. bókanir á tölvum en gott væri að geta fengið tölvuvagn með stuttum fyrirvara í ákveðin verkefni án þess að eiga bókaðan tíma allan veturinn. Einnig gæti verið gott að geta nálgast stakar tölvur. Ekki var farið í margar ferðir með 2. bekk í vetur sökum stærðar hópsins og samsetningar.

Samvinna og skólastarf gekk vel í 2. bekk í vetur.



*Elísa Ösp Valgeirsdóttir, Margrét Tómasdóttir, Sif H. Bachmann og
Svanhvít Guðbjartsdóttir umsjónarkennarar*

Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

Almennt um árganginn

- Nemendur í 3. bekk voru 55 fyrir áramót og 54 eftir áramót í þremur umsjónarhópum
- Umsjónarkennarar voru Margrét Ásdís Haraldsdóttir, Íris Björk Baldursdóttir og Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir.
- Sigríður Ólafsdóttir sá um sérkennsluna.
- Aðrir kennarar komu ekki að hópnum fyrir utan list- og verkgreinakennara og íþróttakennara.
- Kennt var í stofum V203, V205 og V207.

Kennslustundir

- 32 kennslustundir. Íslenska, stærðfræði, enska, lífsleikni, samfélags- og náttúrufræði eru greinarnar sem kenndar voru veturinn 2016-2017.
- Námsfni og námsbækur í öllum greinum og þau verkefni sem voru unnin.
 - Íslenska – unnið var með bækurnar Ritrún 3 og Lesrún 1. Skrift 3 og 4.
 - Stærðfræði – unnið var með Sprota 3 a og b bæði nemendahefti og æfingahefti og var æfingaheftið notað sem heimavinnubók. Vasareiknihefti.
 - Samfélags- og náttúrufræði – unnið með Komdu og skoðaðu hafið, Komdu og skoðaðu himinngheiminn, Hani, krummi, hundur, svín og Kisulandið eftir Herdís Egilsdóttur.
 - Enska – unnið var með Right on vinnubók og ýmis verkefni á netinu.
 - Útikennslu – notuðumst við vefinn Gonoodle.com og fórum í gönguferðir, leiki og stuttar vettvangsferðir.
 - Upplýsingatækni – tölvur í hringekju þar sem farið var í fingrasetningu, word, 2create a story, multi-sproti, comic live og kidpix.
 - Lífsleikni – haldnir voru bekkjarfundir 1 x í viku og fundir með öllum hópnum reglulega.

Skipulag kennslunnar

Þessum árgangi hefur alltaf verið mikið blandað og skipt upp í ólíka hópa. Nemendur kunna vel að vinna saman og þeim finnst það gaman. Allar kenndum við allt námsfni.

Þemaverkefni

- Hafið
- Himinngheimurinn
- Eyjaverkefni
- Húsdýr



Unnið var með hafið í samstarfi við 2.bekk þar sem námsgreinar eins og náttúrufræði, upplýsingartækni (Toontastic) og sköpun komu við sögu. Bókin Komdu og skoðaðu hafið var notuð í þeirri vinnu. Himinngheimurinn var tekinn fyrir og allar námsgreinar komu þar að. Við lásum Komdu og skoðaðu himinngheiminn saman/í pörum og unnum fjölbreytt verkefni. Eyjaverkefnið var unnið af miklum áhuga nemenda og tókst mjög vel. Allar námsgreinar fléttast þar inn. Bókin Kisuland eftir Herdís Egilsdóttur var notuð til hliðsjónar í því verkefni. Við enduðum veturinn á því að vinna með Húsdýrin. Þar komu flestar námsgreinar við sögu eins og náttúrufræði, saga, ritun,

lífsleikni og framsögn. Í þeirri vinnu fóru nemendur heim með námsbókina Hani, krummi, hundur, svín og lásu heima fyrir þematímana.

Foreldrasamstarf

Foreldara hafa verið duglegir að bjóða sig fram í þessum árgangi. Fulltrúarnir voru sex. Haldið var bekkjarkvöld á haustönn þar sem var spilað. Nemendur og foreldrar hittust í lok október og héldu hrekkjavökupartý. Foreldrum var boðið í skólann á eyjahátíð sem nemendur undirbjuggu í skólanum. Fresta varð vorhátíð sem bekkjarfulltrúar voru búnir að skipuleggja fram í ágúst vegna veðurs.



Ferðir

- Skólaferð í Guðmundarlund
- Heimsókn í Hellisgerði
- Fórum í gönguferð með kakó og piparkökur fyrir jólin
- Sleðaferð
- Hjólaferð á vordögum
- Farið var í sveitaferð á Bjarneyjarsand í maí
- Heimsókn og kynning í Sorpu
- Ásamt ótal gönguferðum í nágrenni skólans.

Námsmat

- Á haustmisseri var lagt fyrir lesskilningspróf (Orðarún), stafsetningarpróf, Lesferilspróf og stærðfræðipróf.
- Á vormisseri var lagt fyrir lesskilningspróf (orðarún), stafsetningarpróf, lesferilspróf, málfræðipróf og stærðfræðipróf.
- Kaflapróf voru lögð fyrir eftir hvern kafla í stærðfræði.
- Nemendur sem höfðu ekki náð ákveðnu viðmiði voru einnig lestrarprófaðir í október og mars.
- Allir nemendur í 3. bekk voru logos-skimaðir í upphafi vorannar. Þeir nemendur sem fengu 30 eða minna í raðeinkunn voru skimaðir aftur á vordögum.

Umsögn um veturinn

Starfið í vetur gekk mjög vel. Logos-skimanir komu vel út og nemendahópurinn í heild. Nemendur efldust í námi og félagslegum þroska eftir því sem leið á veturinn. Samvinna var mikil á milli hópa, stundum var dregið í stofur, dregið í hópa eða nemendur máttu velja vinnustað og félaga. Reynt var að koma til móts við þarfir og getu allra nemenda. Foreldrasamstarf var mjög gott.

*Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir, Íris Björk
Baldursdóttir, Margrét Haraldsdóttir,
umsjónarkennarar*



Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

Almennt um árganginn

- Nemendur í 4. bekk voru 43 í tveimur umsjónarhópum.
- Umsjónarkennarar voru Auður Gunnarsdóttir og Kristín Ósk Þorleifsdóttir.
- Aðrir kennarar voru Árni Már Árnason, Berglind Anna Sigurðardóttir, Linda Þorvaldsdóttir, Inga Dóra Stefánsdóttir, Hannes Ingi Geirsson, Jón Bjarni Pétursson og Sigríður Ólafsdóttir.
- Kennt var í stofum fyrir áramót S218 og S220 og eftir áramót Höll 1 og Höll 2

Kennslustundir

- Fjöldi kennslustunda og fög:
 - Íslenska 8 stundir
 - Stærðfræði 6 stundir.
 - Samfélagsfræði 4 stundir
 - Náttúrufræði 3 stundir.
 - Enska 1. stund.
 - Lífsleikni 1 stund.
 - Upplýsingar og tæknimennt 1 stund.
 - List- og verk. 4 stundir.
 - Tónmennt og morgunsamvera 1,5 stundir.
 - Íþróttir 2 stundir.
 - Sund 1 stund.
 - Samtals 32,5 stundir
- Námsfni og námsbækur í öllum greinum og þau verkefni sem voru unnin:
 - Íslenska
 - Mál til komið, Málrækt, Lesrún II, Skrift 4, auk verkefna af vefnum. Stöðupróf í málfræði fyrir 3. bekk og 4. bekk. Orð af orði.
 - Lesskilningur: Bækurnar Sestu lestu, Danski draugurinn, Leitinn af haferinum, Ævintýri í Ingólfsfjalli og Hundakúnstir.
 - Litla upplestrarkeppnin, Litlu landnemarnir sem tekur á öllum áttum í íslensku.
 - Stærðfræði
 - Sproti 4a og 4b. Vasareiknir auk verkefna af vefnum. Aukaverkefni Lína 7.
 - Náttúrufræði/Samfélagsfræði
 - Náttúran allan ársins hring, Hringrásir
 - Eldgos og Tæknin í bókaflokknum Komdu og skoðaðu.
 - Enska
 - Work out og Speak out auk verkefna af vefnum
 - Útikennsla
 - Útileikir, ferðir í fjöruna, hraunið og nánasta umhverfi.
 - Upplýsingatækni
 - Ritvinnsla, fingrafimi, Scratch, Kid pix, Pow
 - Toon, Krakkavefurinn, krækjur Flataskóla t.d. stærðfræði, íslenska, enska. Skrifa sögur, vinna verkefni tengdum ýmisskonar þemum, t.d. Eldgos o.fl. Afla sér upplýsinga af netinu, ná í myndir og hljóð. Finna bakgrunni, hljóð og hreyfingar.
 - e-Twinnig: Keðjuverkefnið, Schoolovison og Sky is the limit.



○ Lífsleikni

Klípusögur, Heimspeki og almennar umræður og lífið og tilveruna.

Heimspeki. Þróunarverkefni. Verkefnabanki. Heimspeki torgsins (mjög skemmtilegt verkefni sem nemendum fannst afar skemmtilegt og áhugavert.

Skipulag kennslunnar

- Smíðjuhópar þvert á árganginn.
- Auður og Kristín skiptu með sér heimilsifræðinni. Auður á mánudögum og Kristín á föstudögum.
- Berglind og Linda sáu um textíl og myndmennt. Árni Már sá um smíði.
- Hringekjuhópar þvert á árganginn sem missdu svolítið marks eftir að við fluttum í hallirnar.



Þemaverkefni

- Fyrir áramót tókum við árstíðirnar, og Hringrásin. Litlu Landnemarnir.
- Eftir áramót unnum við með Eldgos, Tæknin og fuglar.

Foreldrasamstarf

- Hrekkjavökukvöld sem foreldrar sáu um fyrir áramót.
- Foreldramorgunn þar sem við buðum foreldrum að hlusta á Litlu upplestrarkeppnina í byrjun maí.

Ferðir

- Ferð til Reykjavíkur
- Náttúrustofa Kópavogs
- Gerðasafn
- Hellisferð
- Kirkjuferð
- Ferð til Hafnarfjarðar, kaffihús, Jólaljósiferð
- Hellisheiðavirkjun
- Fjöruferð
- Út í hraun
- Grill
- Ylströndin
- Guðmundarlundur
- Vorferð Flataskóla – Heimsókn á leikvöllinn milli Búða og Lunda. Fengum okkur hressingu á veitinagarstaðnum Mulligan á GKG vellinum í boði foreldra. Góð ferð með frábærum krökkum.



Námsmat

- Stærðfræði, Málfræði, Stafsetning, Orðarún, Lesferilspróf
- Meðaltal íslenska: 8,85
- Meðaltal stærðfræði: 8,81

Umsögn um veturinn

Það gekk sérstaklega vel með Eldgos, frábær bók og flott upplifun.

Litla upplestrarkeppnin tókst mjög vel – skemmtilegt og öðruvísi verkefni.

Tölvuverið mætti vera betra en of margar tölvur virkuðu ekki.

Hringekjan raskaðist eftir að við fluttum eftir áramót. Vorskípulagið þyrfti að markvissara, t.d. vorferð árganga o.fl.



Auður Gunnarsdóttir og Kristín Þorleifsdóttir, umsjónarkennarar

Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

Almennt um árganginn

- Nemendur í 5. bekk voru 83 í fjórum umsjónarhópum.
- Umsjónarkennarar voru Bryndís Rut Stefánsdóttir, Elín Ása Þorsteinsdóttir, Ragna Gunnarsdóttir og Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir.
- Aðrir kennarar voru Hannes og Jón Bjarni í íþróttum og sundi, Jóhanna í ritun og heimilisfræði, Árni í smíði, Berglind í textílmennt, Linda í myndmennt, Inga Dóra í tónmennt, Bryndís Rut, Elín Ása og Ragna í framsögn, tölvum og útikennslu, Ólöf Ásta sérkennari og Anna María stuðningsfulltrúi.
- Kennt var í stofum M209, M211, M213 og M215.

Kennslustundir

- Fjöldi kennslustunda var 35 tímar á viku sem skiptist í eftirfarandi fög:
- Íslenska 8,5 stundir, stærðfræði 6 stundir, samfélagsfræði 4 stundir, náttúrufræði 3 stundir, enska 3 stundir, lífsleikni 1 stund, upplýsinga og tæknimennt 1 stund, list og verkgreinar 4 stundir, tónmennt og morgunsamvera 1,5 stundir, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund.



Námsefni og námsbækur

Íslenska

- Samlestur og málfræði; Grimmi tannlæknirinn, David Williams.
- Bókmenntir; Vanda málið 1, lesbók fyrir jól ásamt vinnubók í málfræði, Vanda málið 2, lesbók eftir jól. Slepptum vinnubókinni eftir jól.
- Unnum með texta, reglur og málfræði úr námsefni, s.s. Ísland – veröld til að njóta, Auðvitað- Á ferð og flugi, Víkingaöld. Nemendur útbjuggu sitt eigið málfræðihefti.
- Námsefni í færnimiðuðum hópum; Orðspor 1 - vinnubók og lesbók, Skrudda 1 - verkefnabók, ljósrit af skólavefnum.
- Nemendur fengu 6 kennslustundir í framsögn (smíðjuhópur). Lögð var áhersla á talfærin og hljóðmyndun, stöðu og skýrmæli, ljóðalestur, tjáningu og hópleiki.

Stærðfræði

- Stika 1a nemendabók og æfingahefti fyrir jól.
- Stika 1b nemendabók og æfingahefti eftir jól
- Stika 1a og 1b æfingahefti var notað í heimavinnu.
- Ítarefni m.a. úr plánetubókunum og ljósrituð reikningshefti, efni af netinu, s.s. softschool.com.
- Áhersla á margföldunartöflu, reikniaðgerðir.

Náttúrufræði

- Ísland veröld til að njóta, lesbók og hluti af vinnubók fyrir áramót. Nemendum var skipt í hóp og unnu verkefni um mismunandi landshluta. Foreldrum var boðið á sýningu.
- Auðvitað - Á ferð og flugi unnin á vorönn, valdir kaflar í bókinni.



Samfélagsfræði

- Víkingaöld unnin eftir vetrarleyfi. Hver nemandi bjó til skjaldarbók þar sem ýmis verkefni voru unnin. Foreldrum var boðið á sýningu.

Enska

- Build up 1.
- Ítarefni; Hickory, Dickory og Dock, New Year, Amazing Animals.
- Unnum í færnimiðuðum hópum tvisvar í viku eftir áramót.
- Bjuggum til litla orðabók.

Útikennsla

- Nemendur fengu útikennslu í smiðjutímum. Þeir bjuggu til ís, fóru í gönguferð, heimsóttu safn, sinntu mælingum á skólalóð, fóru í ratleik og unnu verkefni í Hagkaup tengt stærðfræði og daglegu lífi.
- Ratleikir í náttúrufræði og stærðfræði.
- Skipulagðir leikir með kennara.

Upplýsingatækni

- Hver hóp hafði einn fastan tíma í tölvum. Unnið var með Word verkefni.
- Í smiðjutímum lærðu nemendur að búa til vefsíðu, Weebly, setja inn myndir, myndbönd og því fleira tengt.
- Rafrænt próf tekið í Edmodo.
- Ipadar nýttir í upplýsingaöflun og námi.

Lífsleikni

- Hver kennari sinnti lífsleikni hjá sínum hóp, bekkjarfundir voru einu sinni í viku. Meðal annars var fjallað um vináttu og jákvæð samskipti og Barnasáttmálanum gerð góð skil. Lions-hlaupið og forvarnarfræðsla.



Skipulag kennslunnar

- Bekkina hugsuðum við sem einn hóp og samstarf kennara var náðið. Leitast var við að samræma efni og yfirferð. Í samstarfi við Ólöfu Ástu sérkennara skiptum við hópnum eftir áramót í fimm hóp eftir færni: Íslenska tvisvar í viku, enska tvisvar í viku og stærðfræði einu sinni í viku.

Þemaverkefni

- Ísland - veröld til að njóta, unnið í 6 vikna lotu á haustönn.
- Víkingaverkefni, unnið í átta vikna lotu á vorönn. Nemendur bjuggu til skjaldarbók þar sem ýmis verkefni voru unnin.
- Grimm tannlæknirinn – samlestur, íslenska.
- Nýsköpun.

Foreldrasamstarf

- Eitt bekkjarkvöld, Halloween-veisla, var haldið á vegum foreldra.
- Foreldrum var boðið á tvær nemendasýningar, Ísland - veröld til að njóta og Víkingaöld.

Ferðir

- Haustferð út í hraunið í berjamó.
- Guðmundarlundur.
- Reykjavíkurför, byggingar í Reykjavík (Ísland veröld til að njóta).
- Þjóðminjasafnið.
- Landnámssýningin 871 +-2.
- Safnaheimsókn með útikennsluhópum.
- Hjólaferð og gönguferð á vordögum.
- Skíðaferð.

Námsmat

- Í upphafi annar var sett upp sýnilegt skipulag fyrir nemendur í hverja kennslustofu um verkefni og próf vetrarins.
- Símat jafnt og þétt yfir veturinn.
- Niðurstöðum skilað í verkefnabækur á Mentor.
- Leiðsagnarmat var prófað á vorönn, verkefni/próf send heim með leiðsögn frá kennara.
- Lesferilspróf í janúar og maí.

Umsögn um veturinn

- Færniskepping í íslensku, ensku og stærðfræði eftir áramót skilaði árangri. Þetta var sett upp líkt og námskeið í hrað-, mið- eða hægferð.
- Samlestrarátak tókst einnig ljómandi vel og við trúum að það hafi örvað áhuga á yndislestri.
- Áætlanir okkar voru þéttar og í einhverjum tilfellum komumst við ekki yfir allt fyrirhugað efni, ekki síst vegna utanaðkomandi dagskrár, s.s. þemadaga, lífshlaupsins, íþróttakeppni, bókakynninga og annarra heimsókna. Í slíkum tilfellum hliðruðum við til og breyttum áætlun.
- Samstarfið gekk sérstaklega vel og kennarar voru samtaka og gengu í takt.

Bryndís Rut Stefánsdóttir, Elín Ása Þorsteinsdóttir, Ragna Gunnarsdóttir og Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir, umsónarkennarar

Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk

Almennt um árganginn

- Nemendur í 6. bekk voru 91 í fjórum umsjónarhópum
- Umsjónarkennarar voru Halla Rósenkranz, Harpa Hjartar, Raket Svansdóttir og Sara Lind Gunnarsdóttir
- Aðrir kennarar í árganginum voru: Ólöf Ásta Guðmundsdóttir sérkennari, Hannes Ingi Geirsson og Jón Bjarni Pétursson sund og íþróttir, Jóhanna G. Ólafsson ritsmiðja, Inga Dóra Stefánsdóttir tónmennt, Linda Þorvaldsdóttir myndmennt, Berglind Anna Sigurðardóttir textílmennt og Árni Mór Árnason smíði.
- Kennt var í stofum V103, V105, V107 og V114.

Kennslustundir

Nemendur fengu alls 35 kennslustundir sem skiptust í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, íþróttir, sund, textílmennt, tónmennt, samsöng á sal, smíði, ritsmiðju, myndbandagerð og tölvur, útikennslu og heimilisfræði.

Námsbækur

- Stika 2a og 2b, nemenda og æfingahefti (stærðfræði)
- Flökkuskinna (bókmenntir, íslenska)
- Vandamálið (íslenska)
- Mál í mótun, grunnbók og vinnubók (málfræði, íslenska)
- Ready for Action (enska)
- Enska málfræðiæfingar, ljósrituð verkefni frá kennara (enska)
- Snorra Saga (samfélagsfræði, saga)
- Maðurinn, lesbók og vinnubók (líffræði)
- Auðvitað (náttúrufræði)
- Norðurlöndin (samfélagsfræði/ landafræði)
- Benjamín Dúfa (íslenska/bókmenntir)



Skipulag kennslunnar

Bekkjardeildirnar voru fjórar en þó nokkur samkennsla var í verkefnum eins og Snorra Saga, Auðvitað, Maðurinn og nýsköpun. Getuskiptir hópar voru í ensku. Mikið lestrarátak var gert í fjórar vikur í kjölfar Logos-skimunar.

Þemaverkefni

- Norðurlöndin
- Snorra saga
- Maðurinn
- Reikistjörnurnar
- Oliver Twist
- Vigdís Finnbogadóttir
- Benjamín dúfa
- Vísindamenn í heimsókn.
- Nýsköpun



Foreldrasamstarf

Foreldrafulltrúar skipulögðu einn viðburð, skautaferð.

Ferðir árgangsins

- Guðmundarlundur
- Nærumhverfi skólans
- Hraunið við skólann
- Flataróló
- Fitjaróló
- Leiksýningin Blái hnötturinn í Sjálandsskóla.
- Tónleikar í Vídalínskirkju.
- Aðventuheimsókn í Vídalínskirkju.
- Skálaferð/skiðaferð

Námsmat

- Lesferilspróf frá námsgagnastofnun. Eitt á hvorri önn.
- Orðarún að hausti og vori.
- Kaflapróf úr Stiku.
- Stuttar kannanir úr Mál í mótun.
- Haust og vorpróf í íslensku.
- Stafsetningarpróf.
- Hópavinna.
- Verkefni.
- Enskustíll.
- Vorpróf í ensku (Oliver Twist)
- Gagnapróf úr Maðurinn.
- Gagnapróf úr Auðvitað.
- Myndband í Snorra Sögu.
- Nemendur voru skimaðir með Logos-skimun í desember og janúar og hluti þeirra aftur í apríl/maí.



Umsögn um veturinn

Veturinn gekk ágætlega þrátt fyrir kröfuharðan nemendahóp. Samstarf kennara gekk mjög vel.

*Harpa Hjartardóttir, Halla Rósenkranz, Rakel Svansdóttir og Sara Lind Gunnarsdóttir
umsjónarkennarar*

Ritsmiðja 6. bekkjar

Hæfnimarkmið

- að nemandi liti á sig sem höfund sem miðlar efni og kemur því skýrt og skipulega á framfæri,
- að nemandi geti m.a. lýst persónum, atburðum og stöðum á fjölbreyttan og skapandi hátt,
- að nemandi geti unnið samvinnuverkefni í ritun ásamt félögum sínum.

Kennsluefni

Efni frá kennara, að mestu byggt á Ritunarbókinni eftir Lasse Ekholm.

Tilhögun kennslu

Innlögn í upphafi hvers tíma. Umfjöllunarefni, mismunandi kveikjur og fjölbreyttar ritunaræfingar, þar sem nemendur æfa sig í skapandi ritun. Samvinnuverkefni þar sem hópurinn skrifar saman sögu, kemur sér saman um persónur, söguvið og atburðarás. Tveir nemendur bera ábyrgð á einum kafla. Einn hópur vann E-twinning verkefni með nemendum úr Árskóla á Sauðárkróki.

Námsmat

Virgni í kennslustundum, vinnubrögð og viðhorf til samvinnu, námsefnis og verkefna. Gefið bæði sem einkunn í tölum og umsögn.

Kennslustundir

Kennt í lotum, fjórar vikur, tvær kennslustundir í senn (80 mínútur) þrisvar í viku.

Verkefni

Ritaðar sögur þar sem lögð var áhersla á persónusköpun, lýsing á stöðum og atburðum, samtöl og fjölbreytt orðaval.

Mat

Gekk ljómandi vel. Nemendur voru mjög áhugasamir. Flestir unnu mjög vel og fylgdu fyrirmælum kennarans.

Jóhanna G. Ólafsson


Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk

Almennt um árganginn.

- Nemendur í 7. bekk voru 95 í fjórum umsjónarhópum
- Umsjónarkennarar voru Anna Lena Halldórsdóttir, Hanna Lóa Friðjónsdóttir, María Hrönn Valberg og Rut Ingólfssdóttir.
- Aðrir kennarar sem kenndu í árgangnum voru Inga Dóra Stefánsdóttir, Helga Sigríður Guðjónsdóttir, Berglind Anna Sigurðardóttir, Birna Sif Bjarnadóttir, Árni Már Árnason, Linda Þorvaldsdóttir, Jóhanna G. Ólafsdóttir, Hannes Ingi Geirsson, Jón Bjarni Pétursson og Ólöf Ásta Guðmundsdóttir.
- Kennt var í stofum N117, N119, N217, N219.

Kennslustundir

- 35 kennslustundir á viku sem skiptust á eftirfarandi námsgreinar: Íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, enska, danska, lífsleikni, upplýsinga- og tæknimennt, list- og verkgreinar, tónmennt, morgunsamvera, íþróttir, sund.
- Námsfni og námsbækur í öllum greinum og þau verkefni sem voru unnin.
 - Íslenska: Vandamálið lesbók og vinnubók A og B, Mál í mótun og Mál er miðill. Kjörbækur, Vítahringur og Leynardómur ljónsins.
 - Stærðfræði: Stika 3a og 3b. Nemendabók og æfingahefti.
 - Náttúrufræði: Vífilsstaðavatn (haust), Auðvitað (vor).
 - Samfélagsfræði: Miðaldafólk á ferð og trúarbragðfræði (haust), Evrópa (vor).
 - Enska: Action lesbók, Action vinnubók A og B.
 - Danska: Start lesbók og vinnubók (haust), Smart lesbók og vinnubók (vor).
 - Útikennsla: Ratleikur, útiverkefni með Ipad.
 - Upplýsingatækni: Prezi, Edmodo, Word, Quizlet, Kahoot, Power point.
 - Lífsleikni: Bekkjarfundir haldnir reglulega.



Skipulag kennslunnar

- Umsjónarkennarar sáu um kennslu í sínum umsjónarhópum. Fyrir áramót var nemendum skipt í enskuhópa þvert á árganginn. Í þemaverkefnum var unnið í hópum ýmist þvert á árganginn eða innan hvers umsjónarhóps: Vífilsstaðavatn (haust), miðaldafólk á ferð (haust), trúarbragðfræði (haust), Evrópa (vor).

Þemaverkefni

- Vífilsstaðavatn – hópavinna – unnið í Power point og nemendur kynntu sitt verkefni.
- Miðaldafólk á ferð – skipt í hópa innan bekkjarins og unnið í Prezi – kynning.
- Trúarbragðfræði – hópavinna þvert á árganginn/ myndaveggur.
- Evrópa – nemendum skipt í hópa innan bekkja og vinna með land í Evrópu að eigin vali/ myndaveggur.
- Íslenskuplakat – unnið með málfræði.
- Bókmenntir – einstaklingsverkefni unnið úr bókinni Vítahringur og Leynardómi ljónsins.

- Danska – hópavinna unnið með líkamann og persónuupplýsingar.
- Enska – teiknimyndaplakat unnið upp úr myndinni Goonies.
- Nýsköpun.

Foreldrasamstarf

- Kynningarfundur haldinn í september fyrir foreldra þar sem var farið var yfir verkefni vetrarins.
- Bekkjarkvöld haust.
- Árshátíð að vori.
- Halloween-ball í Sjálandsskóla.
- Foreldraviðtöl voru í október og janúar.
- Vikupóstur var sendur á hverjum föstudegi með upplýsingum um það sem gert var í vikunni og það sem var framundan.
- Foreldrasamstarf gekk mjög vel.

Ferðir

- Vífilsstaðavatn (2 ferðir).
- Þjóðminjasafnið.
- Árbæjarsafnið.
- Guðmundarlundur.
- Skíðaferð í Bláfjöll.
- Skólabúðir Reykjaskóli.
- Hellsheiðarvirkjun.

Námsmat

- Nemendur tóku próf jafnt og þétt yfir veturinn og var reynt að hafa námsmatið fjölbreytt. Einnig voru metin vinnubrögð, skapandi hugsun, frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, þátttaka í hópavinnu, vinnubækur, heimavinna og verkefnaöppur. Lesferilspróf frá Menntamálstofnun voru lögð fyrir í janúar og maí.
- Stærðfræði: Stika 3a (haust) kaflapróf úr kafla 1,2, 3 og lokapróf. Stika 3b (vor), kaflapróf úr kafla 5, 6 og lokapróf.
- Íslenska: Málfræði (haust/vor), bókmenntir (haust/vor).
- Stafsetning: 4 próf lögð fyrir á hvorri önn. Samfelldur texti og eyðufylling.
- Danska: Rafræn kaflapróf (edmodo) og tölur. Vinnubók metin og skapandi hópavinna.
- Enska: Kaflapróf, sagnapróf og tímaæfing.
- Náttúrufræði: Vífilsstaðavatn tvær vettvangsferðir metnar, glærukynningar í hópavinnu ásamt vinnubók (haust). Tvö rafræn próf úr Auðvitað og vinnubók metin (vor).
- Samfélagsfræði: Miðaldafólk á ferð jafningjamat, sjálfsmat og prezi-kynning metin til einkunnar. Trúarbragafræði hópavinnu, veggur metinn (haust). Evrópa veggur, vinnubrögð og vinnubók metin.



Umsögn um veturinn

Veturinn gekk nokkuð vel. Skipulag, samvinna og samskipti við foreldra gekk vel. Kennarateymi vann vel saman og var samstíga í ákvarðanatökum, agamálum og öðrum verkefnum sem féllu til. Reykjaferðin heppnaðist vel í alla staði og voru nemendur til fyrirmyndar sem og aðrar ferðir sem árgangurinn fór í. Við hefðum viljað vera staðsett annars staðar í skólanum þar sem fleiri starfsmenn koma að. Eftirliti í norðurálmum var ábótavant.

Útikennslusmiðja

Þrír umsjónarkennarar sáu um útikennslusmiðju og kenndi hver þeirra tvær kennslustundir á viku og voru verkefni fjölbreytt. Nemendur fóru í útiratleiki, leystu útiverkefni með iPad, unnu með þjóðsögur (myndbandsupptaka úti), nýsköpunarverkefni, fjármálalæsi og gerðu verkefni um forseta Íslands. Smiðjan gekk vel og voru nemendur almennt ánægðir með verkefni og við teljum kennarar mikilvægt að fá að taka þátt í smiðjukennslu.



*Anna Lena Halldórsdóttir, Hanna Lóa Friðjónsdóttir, María Hrönn Valberg
og Rut Ingólfssdóttir Blurton umsjónarkennarar*



Ritsmiðja, 7. bekkur

Hæfnimarkmið:

- að nemandi kynnist uppbyggingu ritgerðar, læri að móta rannsóknarspurningu og hvernig á að nota textann til að svara henni í lokaorðum,
- að nemandi geti skrifað ritgerð (á tölvu), nýtt sér heimildir máli sínu til stuðnings, vísað til þeirra og skráð samkvæmt viðurkenndu kerfi (APA),

- að nemandi setji fram hugmyndir sínar í texta og greini skólafélögum sínum stuttlega frá þeim,
- að nemandi geti rætt texta skólafélaga á jafningjagrundvelli á uppbyggilegan og gagnrýninn hátt,
- að nemandi líti á sig sem höfund sem miðlar efni og kemur því skýrt og skipulega á framfæri.

Kennsluefni

- Efni frá kennara, Heimir eftir Svanhildi Sverrisdóttur.

Tilhögun kennslu

- Innlögn í upphafi tíma. Fjallað um allt sem tengist rannsóknarritgerðum líkt og rannsóknarspurningu, efnisgrein, efnistökm, tilvísun og skráningu heimilda. Ritunarráðgjöf jafningja er kynnt og nemendur spreya sig á að ræða texta sinn við skólafélaga. Skiptast á að vera í hlutverki ráðgefandi og þess sem þiggur ráðleggingar. Nemendur æfa sig í ýmsum þáttum og skrifa að lokum stutta rannsóknarritgerð sem inniheldur: inngang, þrjár efnisgreinar, lokaorð og heimildaskrá.

Námsmat

- Virkni í kennslustundum, viðhorf til námsefnis og rannsóknarritgerðar sem unnin var í lok smiðjutímabilsins. Gefið bæði sem einkunn í tölum og umsögn.

Kennslustundir

- Kennt í lotum, 4 vikur í tvær kennslustundir í senn (80 mínútur) þrisvar í viku.

Verkefni

- Nemendur æfa sig að móta rannsóknarspurningu, skrifa m.a. efnisgreinar með lykilsetningu, meginmáli og samantekt og læra að skrá heimildir. Verkefni þar sem kveikja er gefin sem fyrsta setning og nemendur eiga að halda áfram.

Mat

- Gekk ljómandi vel. Nemendur voru mjög áhugasamir, flestir unnu mjög vel og fylgdu fyrirmælum kennarans. Nokkrir skiluðu ekki ritgerð.

Jóhanna G. Ólafsson

Skýrsla um upplýsinga- og tæknimennt í 7. bekk

Skipulag

- Upplýsinga- og tæknimennt var kennd í smiðjum í 7. bekk og fór kennslan fram í tölvustofu ásamt Greenscreen-veri skólans. Nemendum var skipt í átta hópa og voru í 11 – 12 skipti (80 mínútur) í hverri smiðju.

Helstu verkefni

- Heimasíðugerð þar sem nemendur útbjuggu wix-heimasíðu en heimasíðan var einnig nokkurs konar rafræn verkmapa þar sem nemendur söfnuðu öllum verkefnum á heimasíðuna.
- Hljóðvinnsla þar sem nemendur lærðu grunnatriði í upptöku með forritinu Audacity. Nemendur tóku viðtöl og unnu að útvarpsþætti ásamt fleiri einföldum æfingum í forritinu.

- Greenscreen, aðeins hluti hópsins vann með Greenscreen-verkefni þar sem nemendur læra að taka út og setja inn nýjan bakgrunn í myndbandagerð. En veggurinn var settur upp eftir áramót. Lögð var áhersla á að nemendur fengu að prófa en ekki var sérstakt námsmat sem fylgdi þessum lið.
- Google Earth verkefni voru um það bil 40% af þessari smiðju þar sem nemendur unnu ýmis verkefni í Google Earth og settu þau síðan inn á wix síðuna sína.

Námsmat

- Námsmat var tvískipt; 50% Google Earth og 50% heimasíðugerð og hljóðvinnsla.

Birna Sif Bjarnadóttir og Rut Blurton



Skýrslur sérkennara

Með sérkennslu er átt við sérkennslu eða stuðningskennslu sem fram fer hjá sérkennara og/eða kennara í heimastofu eða öðru kennslurými. Unnið er með afmarkaða námsþætti og/eða námsmarkmið í fámennum hópi eða einstaklingslega. Alls nutu 99 nemendur (19,6%) Flataskóla slíkrar kennslu.

Eftirtaldir kennarar komu að sérkennslu í Flataskóla veturinn 2016-2017. Guðlaug Einarsdóttir, sérkennari sá um sérkennslu í 5 ára bekk og í 1. og 2. bekk. Sigríður Ólafsdóttir, sérkennari sá um sérkennslu í 3. og 4. bekk og Ólöf Ásta Guðmundsdóttir, sérkennari sá um sérkennslu í 5. – 7. bekk.

Eftirtaldir stuðningsfulltrúar komu að árgöngum og einstökum nemendum: Anna María Daníelsdóttir, Árný Árnadóttir, Dóra Þórisdóttir, Hjördís Arnarsdóttir, Hrefna Óskarsdóttir, Jamie Elizabeth Schelvis, Jolita Balchiuniene, Íris Rut Jónsdóttir, Íris Pálsdóttir og Sigurbjörg Helena Jónasdóttir.

Aðrir sérfræðingar sem skólafólk gat leitað til voru Sigurlaug Jónsdóttir talmeinafræðingur, Rafn Emilsson atferlisfræðingur og Guðrún Kristófersdóttir sálfræðingur.

Skipulag

Deildarstjóri sérkennslu hafði yfirumsjón með skipulagi sérkennslu og annarrar stoðþjónustu innan skólans. Fundað var reglulega með sérkennurum og kennurum og fylgst með gengi nemenda sem nutu sérkennslu eða annars stuðnings. Kennarar leituðu einnig aðstoðar og ráðgjafar hjá deildarstjóra og sérkennurum.

Innleiðing nýrra lesferilsprófa og lestrarviðmiða frá Menntamálstofnun var í umsjón deildarstjóra. Uppfærsla á lestrarstefnu skólans í samræmi við ný lestrarviðmið stendur yfir. Í haust var boðið upp á lestrarfræðslu fyrir foreldra barna í 1. bekk þar sem deildarstjóri sérkennslu, sérkennari og umsjónarkennari árgangs fóru yfir lestrarkennslu, lestrarvanda og mikilvægi heimalesturs.

Í vetur voru allir nemendur í 3. og 6. bekk skimaðir með Logos lestrargreiningarprófinu. Allir sérkennarar skólans ásamt deildarstjóra unnu að þessu. Inngríp og íhlutanir voru unnar í samráði við kennara og foreldra. Markmiðið með skimuninni var að finna þá nemendur sem áttu í lestrarvanda og ákveða inngríp og eftirfylgd bæði heima og í skóla. Aðrir skólar í Garðabæ lögðu þessa skimun einnig fyrir sömu árganga.

Deildarstjóri hafði yfirumsjón með umsóknum um sérfræðipjónustu Garðabæjar vegna einstakra nemenda og sat skilafundi þeim tengdum með sérfræðingum, kennurum og foreldrum. Deildarstjóri sat í teyllum ásamt foreldrum, sérkennurum og kennurum og myndaði teymi vegna einstakra nemenda. Deildarstjóri skipulagði og stjórnaði fundum Nemendaverndarráðs. Deildarstjóri sá um skipulag og stundatöflur stuðningsfulltrúa í samráði við skólafólk.

Próf og greiningar

- Lestrarskimun (byggt á Leið til læsis) frá Menntamálstofnun var lögð fyrir alla nemendur í 1. bekk í október. Niðurstöður bárust seint vegna tæknivanda hjá MMS.
- HLJÓM-2 – greiningartæki var lagt fyrir nemendur í 5 ára bekk að hausti og endurmetið að vori. Foreldrar upplýstir um niðurstöður.
- 1. bekkur. Stafabekking könnuð í desember hjá öllum nemendum.
- 1. bekkur. Nefnuhraði og Orðleysur í janúar hjá öllum nemendum – hliðarpróf frá MMS.
- 2. bekkur. Nefnuhraði og Orðleysur í janúar hjá nemendum undir viðmiðum – hliðarpróf frá MMS.
- 3. og 4. bekkur. Greinandi próf í talna- og aðgerðaskilningi (Dórót. Reim) nokkrir nemendur.

- Lesferill – lesfimiþrófin frá Menntamálastofnun voru lögð fyrir alla árganga í janúar og maí af umsjónarkennurum. Að hausti voru lögð fyrir lestrarþrófin Leið til læsis. Niðurstöður þessara prófa voru nýttar til þess að skipuleggja sérkennslu. Auk þess prófuðu sérkennarar aftur nemendur sem voru undir viðmiðum í október og mars eða eftir þörfum.
- LOGOS-skimun var lögð alla nemendur í 3. og 6. bekk. Niðurstöður voru sendar til foreldra.
- LOGOS – lestrargreiningarprófið í heild sinni var lagt fyrir nokkra nemendur. Niðurstöður voru kynntar foreldrum og kennurum á fundi.
- Málþroskaþrófið TOLD-2P og Told-2I var lagt fyrir nokkra nemendur. Niðurstöður voru kynntar foreldrum og kennara á fundi og nýttar við skipulag sérkennslu.

Sérkennsla í 5 ára og 1. og 2. bekk

Í **5 ára bekk** (33 nemendur) nutu sex nemendur (18% nemenda.) aukabjálfunar í markvissri málörvun (ein stúlka og fimm drengir).

Í **1.bekk** (57 nemendur.) nutu sjö nemendur (12% nemenda) sérkennslu í einhverju formi (fimm drengir og tvær stúlkur).

Lesskimunin Leið til læsis var lögð fyrir seinni hluta októbermánaðar. Hún sýnir stöðu nemenda hvað varðar: málþroska, stafabekkingu og hljóðkerfisvitund. Fylgst var vel með þeim nemendum sem fengu slaka niðurstöður bæði hjá umsjónarkennara og sérkennara.

Í desember var stafabekking könnuð hjá öllum nemendum. Þeir nemendur sem áttu í erfiðleikum með að fylgja eðlilegum hraða á stafainnlögn og voru lengi að ná lestrartækninni fengu sérkennslu.

Í þeim tímum var unnið með:

- heiti og hljóð stafa
- tengingu stafs og hljóðs
- lestur
- réttan stafdrátt
- markvissa málörvun



Lestrarmat allra nemenda (sjónrænn orðaforði og lesfimi) var í höndum umsjónarkennara. Í janúar prófaði sérkennari nefnuhraða og orðleysur hjá öllum nemendum árgangsins.

Í **2.bekk** (77 nemendur.) nutu 12 nemendur (16% nemenda.) sérkennslu í íslensku (sjö drengir og fimm stúlkur).

Í 2.bekk var sérkennslu skipt í:

- Upprifjun stafa á haustönn
- K-Pals á haustönn fyrir þá nemendur sem voru mjög óöruggir í þekkingu á stöfum og tengslum stafs og hljóðs
- Sérkennari var með í Pals lestrarþjálfun á vorönn með þeim nemendum sem stóðu höllum fæti hvað varðar lestrarfærni
- Sérkennslu í lestri (lestur, lestrarnákvæmni, lesskilningur, stafsetning, hljóðkerfisvitund, orðaforði)

Lestrarmat allra nemenda (sjónrænn orðaforði og lesfimi) var í höndum umsjónarkennara. Í janúar prófaði sérkennari nefnuhraða og orðleysur hjá þeim nemendum sem komu illa út úr prófi í lesfimi og sjónrænum orðaforða.

Mjög góð samvinna hefur verið við foreldra barna í þessum árgöngum.

Guðlaug Einarsdóttir, sérkennari

Sérkennsla í 3. – 4. bekk

Sérkennsla fór fram sem hópakennsla eða einstaklingskennsla, allt eftir þörfum. Sérkennslan var endurskoðuð mánaðarlega í samvinnu við umsjónarkennara og deildarstjóra sérkennslu.

Í **3.bekk** (55 nemendur) nutu 18 nemendur (33% nemenda) sérkennslu í einhverju formi (tíu drengir og átta stúlkur).

Í sérkennslunni var áhersla lögð á eftirfarandi atriði:

- Grunnlestrarfærni, lesskilning, ritun og stafsetningu.
- Grunnfærni í stærðfræði. Hugtakaskilning og aðferðir.
- Íslenska sem annað tungumál.
- Lestarrófa og meta þá nemendur sem þurfti að skoða sérstaklega.
- Aðstoða kennara við verkefnaval.
- Aðstoða kennara við próf.
- LOGOS-próf, lagt fyrir einstaka nemendur
- LOGOS-skimun í 3 bekk (einn bekkur)
- Leggja fyrir Greinandi próf í talna- og aðgerðaskilningi.(Dórót. Reim)



Í **4.bekk** (43 nemendur) nutu 15 nemendur (42% nemenda) sérkennslu í einhverju formi (5 drengir og 15 stúlkur).

Í sérkennslunni var áhersla lögð á eftirfarandi atriði

- Grunnlestrarfærni, lesskilning, ritun og stafsetningu.
- Grunnfærni í stærðfræði. Hugtakaskilning og aðferðir.
- Íslensku sem annað tungumál.
- Lestarrófun og að meta þá nemendur sem þurfti að skoða sérstaklega.
- Aðstoða kennara við verkefnaval.
- Aðstoða kennara við að prófa og samræmd próf.
- LOGOS-próf, lagt fyrir einstaka nemendur.
- LOGOS-skimun einstaka nemendur.
- Leggja fyrir Greinandi próf í talna og aðgerðaskilningi.(Dórót. Reim).

Fundir voru haldnir með foreldrum ef þörf var á og skilafundir með kennurum og foreldrum voru haldnir vegna LOGOS- og stærðfræðigreininga.

Mjög góð samvinna hefur verið við foreldra og kennara barnanna í þessum árgangum.

Sigríður Ólafsdóttir, sérkennari

Sérkennsla í 5. – 7. bekk

Í **5. bekk** (83 nemendur) nutu 18 nemendur (22% nemenda) sérkennslu allan veturinn eða hluta úr vetri í íslensku og stærðfræði. Námið fór fram í minni hópum í námsveri og einnig sem einstaklingskennsla.

Sérkennslunni var skipt í:

- Íslensku þar sem unnið var með afmarkaða þætti og námsmarkmið árgangs.
- Stærðfræði þar sem unnið var með námsmarkmið árgangs.
- Raddlestrarpróf var lagt fyrir nemendur í september og síðan aftur í desember.
- Málfræðikannanir lagðar fyrir fjórum sinnum yfir veturinn (símat).
- Orðarún, lesskilningspróf var lagt fyrir og lesið fyrir nokkra nemendur að hausti og vori.
- LOGOS, lestrargreiningarpróf var lagt fyrir nokkra nemendur á vorönn.
- Miðsvetrarpróf, vorpróf og önnur próf í minni hópum og einstaklingslega.

Í **6. bekk** (91 nemandi) nutu 18 nemendur (20% nemenda) sérkennslu allan veturinn eða hluta úr vetri í íslensku og stærðfræði. Námið fór fram í minni hópum í námsveri og einnig sem einstaklingskennsla.

Sérkennslunni var skipt í:

- Íslensku þar sem unnið var með afmarkaða þætti og námsmarkmið árgangs.
- Stærðfræði þar sem unnið var með afmarkaða þætti og námsmarkmið árgangs.
- Stafsetningarnámskeið, bæði á haustönn og vorönn.
- Málfræðinámskeið á vorönn.
- Lestar- og lesskilningsnámskeið eftir Logos-skimun á vorönn.
- Orðarún, lesskilningspróf lagt fyrir og lesið fyrir nokkra nemendur að hausti og vori.
- Raddlestrarpróf var lagt fyrir nemendur í september og desember.
- Raddlestrarpróf lagt fyrir þá nemendur sem voru í lestrarátaki á vorönn.
- LOGOS-skimun allra nemenda í einum bekk. Prófaðir voru fimm þættir hjá hverjum nemanda.
- Endurprófun (LOGOS) hjá hluta nemenda sem voru undir viðmiðum.
- Miðsvetrarpróf, vorpróf og önnur próf í minni hópum og einstaklingslega.

Í **7. bekk** (94 nemendur) nutu sex nemendur (0,6% nemenda) sérkennslu hluta úr vetrinum. Námið fór fram sem einstaklingskennsla.

Sérkennslunni var skipt í:

- Lesskilningsnámskeið.
- Stafsetningarnámskeið.
- Unnið með einstaka nemendur í afmörkuðum fögum, þar sem þeir voru staddir í náminu.
- Raddlestrarpróf í september og maí.

Fundir voru haldnir með foreldrum og umsjónarkennurum ef þörf var á. Skilafundir með kennurum og foreldrum voru haldnir vegna LOGOS-greininga.

Það hefur verið einstaklinga gott að vinna með kennurum og foreldrum í þessum árgöngum.



Ólöf Ásta Guðmundsdóttir, sérkennari

Skýrslur kennara í list- og verkgreinum

Skýrsla í hönnun og smíði

1. bekkur

Á þessu skólaári var smíði kennd í 1. bekk. Kennslan fór fram í smíðastofu. Fimm blandaðir hópar, kenndir einu sinni í viku í samfelldum lotum. Nemendur fengu 5-6 skipti sem telst 8 stundir.

Helstu verkefni

- Teningur.
- Nafnspjald.
- Bátur.
- Fánastöng.
- Trékallar.
- Fuglar rú tré.

Námsmat

Umsögn.

2. bekkur

Á skólaárinu var smíði í 2. bekk. Kennslan fór fram í smíðastofu. Sex blandaðir hópar fengu kennslu einu sinni í viku í samfelldum lotum. Nemendur fengu sjö skipti sem eru tíu stundir.

Helstu verkefni

- Dúkkurúm.
- Bíll.
- Krítartafla.
- Bátur.
- Frjálsir tímar.
- Púsl.

Námsmat

Umsögn.

3. bekkur

Á skólaárinu var smíði í 3. bekk. Kennslan fór fram í fimm blönduðum hópum sem fengu kennslu einu sinni í viku í samfelldum lotum. Nemendur fengu sex skipti sem eru níu stundir.

Helstu verkefni

- Bíl.
- Bátur.
- Krítatöflur.
- Vélmenni.
- Símastandur.
- Frjálstími.

Námsmat

Umsögn.

4. bekkur

Á skólaárinu var smíði kennd. Fjórum blönduðum hópum var kennt tvisvar í viku í samfelldum lotum. Nemendur fengu 16 skipti sem eru um 30 stundir.

Helstu verkefni

- Jeppi.
- Símastandur.
- Vélmenni.
- Lyklakippur.
- Púsl.
- Speglar.
- Ostabakki.

Námsmat

Umsögn.

5. bekkur

Á skólaárinu 5. bekkjar. Sex blandaðir hópar kenndir tvisvar í viku í samfelldum lotum. Nemendur fengu 12 skipti sem eru 18 stundir.

Helstu verkefni

- Ísland.
- Hilla.
- Speglar.
- Vélmenni.
- Símastandur.
- Frjálsir tímar.
- Bakki.
- Kollur.

Námsmat

Einkunn.

6. bekkur

Á skólaárinu var smíði kennd í átta blönduðum hópum þrisvar í viku í samfelldum lotum. Nemendur fengu 12 skipti sem eru 18 kennslustundir.

Helstu verkefni

- Hilla.
- Bandverk.
- Símastandur.
- Seglar.

- Flísaverk.
- Frjálsir tímar.
- Ostabakki.
- Bakki.
- Kollur.

Námsmat

Einkunn.

7. bekkur

Á skólaárinu var smíði kennd í 7. bekk. Átta blandaðir hópar fengu kennslu þrisvar í viku í samfelldum lotum. Nemendur fengu 12 skipti sem eru 18 stundir.

Helstu verkefni

- Lampi.
- Bandverk.
- Símastrandur.
- Vémenni.
- Steypuverk.
- Frjálsir tímar.
- Ostabakki.
- Bakki.
- Kollur.

Námsmat

Einkunn.

Mat á vetrinum

Í vetur eins og undanfarin ár var lögð áhersla á sköpunargleðina, að virkja hana og styrkja. Nemendur fengu ákveðið svigrúm innan hvers verkefnis til að gera það að sínu eigin og nota hugmyndaflugið. Einnig var lögð áhersla á grunn og praktískar hliðar vinnufærni og tækni. Mikilvægi þess að leiðbeina nemandanum og hjálpa til að ná grunntækni var í hávegum haft. Markmiðið var að kveikja áhuga og vinnugleði nemenda og bar það í flestum tilvikum góðan árangur.

Samvinna listgreina (myndmennt, textill og smíði) gekk vel í 1.-4. bekk þetta skólaárið. Haldið var áfram að þróa hugtakið „opnar listasmiðjur“ í 5., 6. og 7. bekk. Nemendur áttu að geta unnið listaverkin sín í þeim miðli sem hentaði þeim eða verkinu þeirra. Myndaðist mjög skemmtileg stemning og flæði á milli listgreinastofa og ótrúleg verk sköpuðust.

Niðurstaða

Nemendur virtust una sér vel og hafa frjótt hugmyndaflug. Fjöldi nemenda í hópum var mjög góður í nánast öllum árgöngum.

Samvinna myndmenntar, textíls og smíði gekk vel eins og alltaf og er sú vinna alltaf í þróun.

Árni Már Árnason, smíðakennari

Skýrsla í textílmennt

1. bekkur

Á þessu skólaári var kennsla í textílmennt í samvinnu við myndmenntakennara. Kennslan fór fram í textílstofunni í fimm blönduðum hópum (22 -24 börn). Kennt var einu sinni í viku, 60 mínútur í senn. Nemendur mættu í fimm eða sex skipti, samtals um átta kennslustundir.

Helstu verkefni

- Teiknað eða málað á efni.
- Hveitibatík.
- Púðagerð.
- Saumar.
- Vefnaður.
- Vatnslitamálun.
- Frjáls teikning.

Námsmat

Umsögn.

2. bekkur

Á þessu skólaári fór kennsla í textílmennt fram í samstarfi við myndmenntakennara. Kennslan fór fram í textílstofunni í sex blönduðum hópum. Kennt var einu sinni í viku, 60 mínútur í senn. Nemendur mættu sjö sinnum, samtals um 10 kennslustundir.

Helstu verkefni

- Dýrateikningar, mismunandi aðferðir.
- Púðagerð, textíltússlitiir.
- Filtfígúður, grunnform.
- Vatnslitamálun.
- Myndbygging.

Námsmat

Umsögn.

3. bekkur

Á þessu skólaári fór kennsla í textílmennt fram í samstarfi við myndmenntakennara. Kennslan fór fram í umsjónarstofum 3. bekkjar í fimm blönduðum hópum. Kennt var einu sinni í viku, 60 mínútur í senn. Nemendur mættu um það bil sex sinnum, samtals um 9 kennslustundir.

Helstu verkefni

- Púðagerð (sjálfsmynd) með textíltússlitum.
- Dúskagerð.
- Vefnaður.
- Vatnslitamálun.
- Minecraft sjálfsmyndir.
- Litafræði.

Námsmat

Umsögn.

4. bekkur

Á skólaárinu fór kennsla í textílmennnt fram í samvinnu við myndmenntakennara. Kennslan fór fram í textílstofunni í fjórum blönduðum hópum. Kennt var tvisvar sinnum í viku, 80 mínútur í senn. Nemendur mættu 16 sinnum sem eru um 32 kennslustundir.

Helstu verkefni:

- Þæfð dýramynd. Ullarkemba, filt og þæfingarnál.
- Bakpokar. Hveitibatík, textílmálun.
- Bókagerð, bókarkápa að hætti Mondrians.
- Snúrugerð.
- Dúskagerð.
- Handsaumaður bangsi eða kanína úr fildi, skreytt að smekk hvers og eins.
- Sokkabruður.
- Andlitsteikning.
- Fílateikning, vatnslitamálun.
- Spegln, teikning.

Námsmat

Umsögn.

5. bekkur

Kennt var í textílstofunni í sex hópum á skólaárinu. Kennt var tvisvar sinnum í viku, 80 mínútur í senn. Nemendur mættu 12 sinnum sem eru um 24 kennslustundir. Ein smiðjan fór fram í samstarfi við myndmennta- og smiðakennara þar sem nemendur fengu frjálsar hendur í vélmennagerð og notuðu alls kyns efnivið.

Helstu verkefni

- Krosssaumsmynd, eigin hönnun.
- Púðagerð, krosssaumsmynd eða teiknað á efni með textíltússlitum.
- Saumavélaæfingar.
- Guðsaugu.
- Vefnaður.
- Dúskagerð.
- Vélmeni.

Námsmat

Umsögn og einkunn.

6. bekkur

Kennt var í textílstofunni í sjö hópum á skólaárinu. Kennt var þrisvar sinnum í viku, 80 mínútur í senn. Nemendur mættu 12 til 13 sinnum sem eru um 24-26 kennslustundir. Tvær smiðjur fóru fram í samstarfi við myndmennta- og smiðakennara þar sem nemendur unnu að speglagerð annars vegar og í seinna skiptið unnu nemendur „String Art“-listaverk að eigin hönnun.

Helstu verkefni

- Púðagerð í alls kyns útfærslum.
- Sock Monkey.
- Vefnaður.
- Krosssaumur.
- Þrjón.
- Saumaðir boltar.
- Guðsaugu.
- Armbönd.
- Mósaíkspeglar.
- String Art.

Námsmat

Umsögn og einkunn.

7. bekkur

Kennt var í textílstofunni í átta hópum á skólaárinu. Kennt var þrisvar sinnum í viku, 80 mínútur í senn. Nemendur mættu 12 til 13 sinnum sem eru um 24-26 kennslustundir.

Helstu verkefni

- Þrjónaðar húfur.
- Þæfðir inniskór.
- Myndskreyttir púðar.
- Hveitibatíkpúðar.
- Saumaðir bangsar úr filtefni.
- Krosssaumur.
- String Art.
- Boltar úr flísefni.
- Skartgripagerð.
- Dúskar.

Námsmat

Umsögn og einkunn.

Mat á skólaárinu

Kennsla í textílmennt hefur gengið mjög vel í vetur og ánægjulegt að sjá hvað flestir nemendur eru áhugasamir um námið í list- og verkgreinum. Lögð var áhersla á skapandi vinnu þar sem hugmyndaflug nemendanna sjálfra fengi að njóta sín sem best. Textílstofan sjálf er ósköp notaleg en húsgögnin þar inni eru orðin mjög lúin og því væri ekki úr vegi að endurnýja þau við tækifæri. Saumavélarnar hafa allar farið í yfirhalningu eða viðgerð í vetur en þrátt fyrir það hafa þær bilað ítrekað og því líklega orðið tímabært að endurnýja þær. Að öðru leyti er aðstaðan í textílstofunni alveg ágæt og það hefur iðulega verið skemmtileg stemning í tímum.

Stundataflan í vetur hefur verið alveg frábær og ég mæli eindregið með svipuðu fyrirkomulagi áfram. Samstarf okkar Lindu hefur verið mikið í vetur og gengið mjög vel.

Berglind Anna Sigurðardóttir, textílkennari.



Skýrsla um myndmennt

1. bekkur

Á þessu skólaári var myndmenntakennslan í 1. bekk unnin í samvinnu við textílmenn. Kennslan fór fram í textílstofunni. Fimm blandaðir hópar, kenndir einu sinni í viku í samfelldum lotum. Nemendur fengu 5-6 skipti sem telst 8 stundir.

Helstu verkefni

- Vatnslitamálun.
- Teikning.
- Grunnform.
- Vefnaður.
- Púðar, málun.
- Saumar.

Námsmat

Umsögn.

2. bekkur

Á skólaárinu var myndmenntakennslan í 2. bekk unnin í samvinnu við textílmenn. Kennslan fór fram í textílstofunni í sex blönduðum hópum einu sinni í viku í samfelldum lotum. Nemendur fengu 7 skipti sem eru 10 stundir.

Helstu verkefni

- Litafræði, litablöndun.
- Dýrateikningar, mismunandi miðlar í útfærslum.
- Púðar, textíltúss.
- Vatnslitamálun.
- Myndbygging.

Námsmat

Umsögn.

3. bekkur

Á skólaárinu var myndmenntakennslan í 3. bekk unnin í samvinnu við textílmenn. Kennslan fór fram í umsjónarstofum 3. bekkjar í fimm blönduðum hópum einu sinni í viku í samfelldum lotum. Nemendur fengu 6 skipti sem eru 9 stundir.

Helstu verkefni

- Litafræði, litablöndun, heitir og kaldir litir, vatnslitir og vaxlitir.
- Myndbygging, forgrunnur, miðrými og bakgrunnur. Vatnslitamálun.
- Minecraft sjálfsmyndir.
- Púðar, textíltússlitir.
- Leirvinna –e twinning verkefni (meet us).

Námsmat

Umsögn.



4. bekkur

Á skólaárinu var myndmennt unnin í samvinnu við textílmennt. Kennslan fór fram í textílstofunni í fjórum blönduðum hópum tvisvar í viku í samfelldum lotum. Nemendur fengu 16 skipti sem eru um 30 stundir.

Helstu verkefni

- Þæfð dýramynd.
- Batik bakpokar-textílmálun.
- Bangsi-saumar.
- Andlitsteikning.
- Filateikning, vatnslitamálun.
- Spegln-teikning.

Námsmat

Umsögn.



5. bekkur

Á skólaárinu fór myndmenntakennslan fram í umsjónarstofu 5. bekkjar í sex blönduðum hópum tvisvar í viku í samfelldum lotum. Nemendur fengu 12 skipti sem eru 18 stundir.

Helstu verkefni

- Eins punkta fjarviddarteikning.
- Tessellation-símynstur.
- 3D-teikning –áhrif ljóss og skugga.
- Vatnslitamálun.
- Prívíddarvinna-gips.

Námsmat

Umsögn og einkunn.



6. bekkur

Á skólaárinu fór myndmenntakennslan fram í umsjónarstofu 6. bekkjar í átta blönduðum hópum þrisvar í viku í samfelldum lotum. Nemendur fengu 12 skipti sem eru 18 stundir.

Helstu verkefni

- Eins punkta fjarvidd.
- Op-art-optical illusion.
- Verk unnin undir áhrifum ítalska listamannsins Modigliani.

Námsmat

Umsögn og einkunn

7. bekkur

Á skólaárinu fór myndmenntakennslan fram í umsjónarstofu 7. bekkjar í átta blönduðum hópum þrisvar í viku í samfelldum lotum. Nemendur fengu 12 skipti sem eru 18 stundir.



Helstu verkefni

- Forn-Egypsk myndlist.
- Pop-art.
- Vatnslítamálun.

Námsmat

Umsögn og einkunn.

Mat á vetrinum

Í vetur eins og undanfarin ár var lögð áhersla á sköpunargleðina, að virkja hana og styrkja. Nemendur fengu ákveðið svigrúm innan hvers verkefnis til að gera það að sínu eigin og nota hugmyndaflugið. Einnig var lögð áhersla á grunn- og praktískar hliðar myndlistarinnar, þ.e. vinnufærni og tækni. Mikilvægi þess að leiðbeina nemandanum og hjálpa til að ná grunntækni var í hávegum haft. Markmiðið var að kveikja áhuga og vinnugleði nemenda og bar það í flestum tilvikum góðan árangur.

Samvinna listgreina (myndmennt, textill og smíði) gekk vel og vegna stofuleysis var myndmenntin í 1.-4. bekk unnin í samvinnu við textíl allt skólaárið. Haldið var áfram að þróa hugtakið „opnar listasmiðjur“ í 5. og 6. bekk. Nemendur áttu að geta unnið listaverkin sín í þeim miðli sem hentaði þeim eða verkinu þeirra. Myndaðist mjög skemmtileg stemning og flæði á milli listgreinastofa og ótrúleg verk sköpuðust.

Myndlistarmenn og listastefnur voru kynntar og eftirprentanir af verkum sýndar nemendum sem voru hvattir til að prófa að skapa myndir í stíl gamalla meistara. Það var mjög gaman að fylgjast með upplifun nemendanna þegar var farið í gegnum þetta.

Myndlistastofan var því miður ekki í nothæfu ástandi þetta skólaárið og fór því kennsla að öllu leyti fram í umsýðarstofum eða textílstofu. Var álag talsvert aukið eins og gefur að skilja en allir stóðu saman um að gera þetta eins gott og hægt var.

Nokkuð bar á agamálum í ár. Nemendur margir hverjir ókurteisir og virtust halda að þeir væru við stjórnvölinn en stærsti hópurinn er þó alltaf til fyrirmyndar.

Niðurstaða

Í heildina gekk myndmenntakennslan vel í vetur þrátt fyrir stofuleysi. Nemendur virðast una sér vel og með skemmtilegt hugmyndaflug. Fjöldi nemenda í hópum var mjög góður í nánast öllum árgöngum.

Samvinna myndmenntar, textíls og smíði gekk vel eins og alltaf og er sú vinna alltaf í þróun.

Linda Þorvaldsdóttir, myndmenntakennari

Skýrsla í íþróttum og sundi

Íþróttir

Við íþróttakennsluna er haft að leiðarljósi að markvisst íþrótt- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt það mikilvægasta, sem hver skóli getur veitt nemendum sínum, er að styrkja sjálfsmýnd þeirra og vellíðan. Slíkt er hægt að gera með markvissum æfingum og leikjum þar sem þroskapættir eru hafðir að leiðarljósi.

Jákvæð upplifun íþróttakennslu í skólum getur lagt grunninn að heilsusamlegum lífsstíl hvers nemanda. Með jákvæðri upplifun af íþróttum, þar sem gleði og ánægja ríkir, eykst einnig vinnugleði og vellíðan sem hefur áhrif á allt skólastarfið. Þá getur góð og markviss kennsla einnig styrkt stoðkerfi líkamans og bætt líkamsreisin.

Kennslufyrirkomulag

Íþróttakennarar skólaárið 2016-17 voru þeir Hannes Ingi Geirsson og Jón Bjarni Pétursson. Auk þeirra komu hinir ýmsu umsjónarkennarar að kennslunni.

Fyrirkomulag var með töluvert breyttu sniði þar sem lokun sundlaugar setti stórt strík í reikninginn. Hannes og Jón Bjarni voru nánast einungis í sundkennslu fram í miðjan nóvember og sáu þá umsjónarkennarar að mestu leyti um íþróttakennsluna. Eftir lokun laugarinnar stigu þeir félagar alfarið inn í íþróttakennsluna og bættist þá þriðji íþróttatíminn við hjá nemendum í stað sundtímans.

Kennsla er mest í formi leikja og æfinga, þar sem lögð er áhersla á að hver og einn finni sig í þátttöku leikja, sem einstaklingur og í hóp. Nemendur fá að kynna hinum ýmsu íþróttagreinum og grunnþáttum þeirra. Kennsla fer fram bæði innandyra og utandyra í Ásgarði. Að hausti er kennt utandyra út september og eftir það er kennslan færð inn. Að vori er kennt innandyra fram að páska. Eftir páska færist kennslan að mestu leyti út en sé veður vont er alltaf hægt að færa kennsluna inn.

Námsmat

Nemendur 1.,2.,3. og 4.bekkja fá umsögn varðandi árangur sinn og frammistöðu yfir skólaárið.

Nemendur í 5.-7. bekk fá einkunn í tölustöfum þar sem ástundun, virkni í tímum, hegðun og samvinna gilda 100%.

Mat á vetrinum

Íþróttakennslan skólaárið 2016-2017 gekk mjög vel. Lokun sundlaugarinnar gerði það þó að verkum að töluvert rót var á fyrirkomulagi kennslunnar og hverjur stóðu að kennslunni. Það gekk þó nokkuð vel fyrir sig. Aðstæður til íþróttakennslu við Flataskóla eru til fyrirmyndar og gildir þá einu hvort kennt er innan- eða utandyra. Útikennslusvæði er eflaust með því besta sem gerist hérlandis og er það svæði mikið nýtt að hausti og svo aftur að vori. Þar að auki höfum við nýtt okkur glæsilegt fimleikahús í fimleikalotum og til leikja.



Sund

Markmið sundkennslu er að auka færni nemenda í sundi. Sundkennsla fór fram frá upphafi skólaárs fram í miðjan nóvember en þá var sundlauginni lokað í ár vegna endurbóta. 1. og 2.bekkur fengu svo aftur sundkennslu eftir páska í Álftaneslaug og var það virkilega gott. Gaman var að sjá hve fljótir yngstu nemendurnir voru að taka við sér og voru kennarar sammála um að kennslan hafi gengið virkilega vel.



Kennsluaðferðir

Kennslu er hagað þannig að lögð er áhersla á eina sunðaferð í nokkrar vikur og farið vel í alla áhersluþætti í hverju sunði fyrir sig. Kennslan að vori var með svipuðu sniði nema hvað hvert atriði var tekið fyrir nokkrar tíma í röð.

Hannes Ingi og Jón Bjarni sáu um sundkennsluna fram að lokun laugar. Eftir páska sá Erna Þorfléisdóttir um kennslu hjá 1.bekk og Hannes Ingi um kennslu hjá 2.bekk.



Hér að neðan má sjá samræmd markmið sundstiga. Við höfum þó gert okkar aðlaganir að sundstigunum hjá 1. og 2.bekk vegna sérstakra aðstæðna.

1. sundstig (samræmd markmið í 1. bekk):

Staðið í botni og andað að sér, andlitið fært í kaf og andað frá sér. Endurtekið 10 sinnum.

Flot á bringu eða baki með eða án hjálpartækja.

Ganga með andlit í kafi 2,5 metra eða lengra.

Bringusundsfótatök við bakka, með eða án hjálpartækja.

2. sundstig (samræmd markmið í 2. bekk):

Marglyttuflot með því að rétta úr sér.

10 m bringusund með eða án hjálpartækja.

10 m skólabaksundsfótatök með eða án hjálpartækja.

Spyrna frá bakka og renna með andlit í kafi, að lágmarki 2,5m.

Hoppa af bakka í laug.

3. sundstig (samræmd markmið í 3. bekk)

12 m bringusund.

12 m skólabaksund með eða án hjálpartækja.

6 m skriðsundsfótatök með andlit í kafi og arma teygða fram.

6 m baksundsfótatök með eða án hjálpartækja.

Kafað eftir hlut á 1 - 1,5 m dýpi.

4. sundstig (samræmd markmið í 4. bekk)

25 m bringusund.

15 m skólabaksund.

12 m skriðsund með eða án hjálpartækja.

12 m baksund með eða án hjálpartækja.

Flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja

Stunga úr kropstöðu af bakka eða stiga.

5. sundstig (samræmd markmið í 5. bekk)

75 m bringusund, án hvíldar.

25 m skólabaksund.

25 m skriðsund með sundfit.

12 m baksund.

Stunga af bakka.

Fatasund.

Synda með bjarghring í grunnri laug til félaga og synda um 5 m með hann í bakka

Hlutur sóttur á 1-2 m dýpi eftir þriggja metra kafsund

Troða marvaða í 20-30 sekúndur.

6. sundstig (samræmd markmið í 6. bekk)

200 m bringusund, viðstöðulaust.
50 m skólabaksund, stílsund.
25 m skriðsund, stílsund.
25 m baksund, stílsund.
25 m bringusund á tíma. Lágmark 35.0 sek.
15 m björgunarsund (skólabaksundsfótatök).
8 m kafsund.

7. sundstig (samræmd markmið í 7. bekk)

300 m bringusund, tímamörk: synt á minna en 10 mínútum.
50 m skólabaksund, stílsund
15 m björgunarsund með jafningja (skólabaksundsfótatök)
8 m kafsund, stílsund
50 m bringusund á tíma 1:14 mín
25 m skriðsund á tíma 32 sek

Hannes Ingi Geirsson og Jón Bjarni Pétursson

Skýrsla tónmenntakennara

Tónmennt – 4 og 5 ára bekkur

Vikulegir tónmenntatímar. Tveir hópar úr 5 ára bekk (16 börn og 17 börn) og einn úr 4 ára bekk (9 börn). Fjöldasöngur var tvisvar til þrisvar í viku í morgunsamveru, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Þar koma allir bekkir skólans saman í sal kl. 8:50 og syngja saman 2-3 lög.

Kennslustundir

Nemendur fengu 1 tíma í tónmennt á viku. Þrír hópar á þessu skólaári.

Skipulag kennslunnar

Tímarnir byggðust mikið upp á söng og sönglögum. Einnig að klappa í takt, leikjum, frjálsum dansi, hreyfingu og teiknisöng.

Námsmat

Engin umsöng né einkunn er gefin fyrir 4 og 5 ára bekk.

Tónmennt – 1. bekkur

Mat á vetrinum

Tónmenntatímarnir gengu vel og börnin mjög móttækileg fyrir söng og leikjum. Mjög skemmtilegt var að kenna 4 og 5 ára hópunum í vetur. Þetta voru ákvæðir og áhugasamir krakkar sem tóku virkan þátt í öllu sem gert var. 5 ára hóparnir voru þó aðeins of fjölmennir.

Vikulegir tónmenntatímar. Unnið með tónlist, sönglög, hljóð, leiki, hreyfingu og skólahljóðfæri. Fjöldasöngur var tvisvar til þrisvar í viku í morgunsamveru, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Þar koma allir bekkir skólans saman í sal kl. 8:50 og syngja saman 2-3 lög.

Kennslustundir

Nemendur fengu 1 tíma í tónmennt á viku. Þrír bekkir á þessu skólaári.

Helstu áherslur og skipulag kennslu.

Söngur, leikir, kynning á hljóðfærum og unnið með grunnþætti í tónfræði. Tónlistin og hljóðfærin úr Pétri og Úlfinum skoðuð, horft á myndina og spilið Gaman saman með Pétri og úlfinum spilað. Unnin verkefni úr kennsluefninu „Það var lagið“.

Námsmat

Umsögn er gefin í 1. bekk í lok skólaárs.

Mat á vetrinum

Stórir og kraftmiklir hópar og oft mikið fjör í tímum. Tónmenntakennari sótti bekkina í heimastofur en umsjónarkennari sótti þá í lok tímans. Það komu dagar þar sem það var svolítill ólga í bekkjunum á haustönn, en þegar leið á vorönnina komst góð mynd á hópinn og kennsluna. Börnin voru jákvæð og mjög móttækileg fyrir öllum verkefnum sem unnin voru.

Tónmennt – 2. bekkur

Tónmennt var kennd í smíðju. Fjöldasöngur var tvisvar til þrisvar í viku í morgunsamveru, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Þar koma allir bekkir skólans saman í sal kl. 8:50 og syngja saman 2-3 lög.

Kennslustundir

Kennt í smíðju. 60 mínútna tímar einu sinni í viku (5-6 skipti).

Helstu áherslur og skipulag kennslu.

Tímarnir byggðust upp á söng, leikjum, hreyfingu, sem og bóklegum tímum inn á milli. Einnig var unnið með ýmis skólahljóðfæri. Unnið var í bókinni „Tónlist og umhverfi“ og verkefnaöppunni „Það var lagið“.

Námsmat

Umsögn.

Mat á vetrinum

Tónmenntakennari sótti nemendur fyrir utan heimastofur bekkjanna. Nemendur voru þá að koma inn úr hádegisfrímínútum og gekk oft erfiðlega að ná hópnum saman. Margir hverjir voru seinir úr frímínútum, þ.a.l. nýttist tíminn oft ekki vel. Tímarnir gengu þó vel og nemendur voru mjög jákvæðir og áhugasamir gagnvart tónmennt og móttækilegir fyrir söng, leikjum og verkefnavinnu.

Tónmennt – 3. bekkur

Tónmennt var kennd í smíðju. Fjöldasöngur var tvisvar til þrisvar í viku í morgunsamveru, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Þar koma allir bekkir skólans saman í sal kl. 8:50 og syngja saman 2-3 lög. Einnig unnið með 3. bekk í verkefninu Eldfjallaey, þar sem nemendur sömdu og fluttu tónverk við frumsaminn texta nokkurra nemenda.

Kennslustundir

Kennt var í smíðju, 60 mínútna tímar einu sinni í viku (7-8 skipti).

Helstu áherslur og skipulag kennslu

Tímarnir byggðust upp á söng, leikjum, hreyfingu, sem og bóklegum tímum inn á milli. Einnig unnið með ýmis skólahljóðfæri, s.s. tréspil. Unnið var í verkefnaöppunni „Það var lagið“ og ljósrituðum verkefnum. Fjallað var um tónskáldin Ludwig van Beethoven og Amadeus Mozart.

Námsmat

Umsögn.

Mat á vetrinum

Dásamlegt var að vinna með þessum árgangi. Hann var virkilega áhugasamur, jákvæður og vinnusamur.

Tónmennt – 4. bekkur

Vikulegir tónmenntatímar. Unnið með tónlist, sönglög, hljóð, leiki, hreyfingu og skólahljóðfæri. Fjöldasöngur var tvisvar til þrisvar í viku í morgunsamveru, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Þar koma allir bekkir skólans saman í sal kl. 8:50 og syngja saman 2-3 lög. Einnig tóku nemendur í 4. bekk þátt í eTwinning verkefninu „1song2gether4joy“. Verkefnið var hliðarverkefni við samskiptaverkefnið Schoolvision. Nemendur æfðu lagið „The sky is the limit“ og var lagið tekið upp með aðstoð Jóns Bjarna, íþróttakennara. Upptakan var síðan send til Mareks stjórnanda verkefnisins í Póllandi sem sameinaði allar upptökur frá öllum þátttökulöndunum í eitt myndband.

Kennslustundir

Nemendur fengu 1 tíma í tónmennt á viku. Tveir bekkir á þessu skólaári.

Helstu áherslur og skipulag kennslu.

Tímarnir byggðust upp á söng, leikjum og hreyfingu. Unnin voru verkefni úr verkefnabókinni „Það var lagið“. Einnig var unnið með bókina „Það er gaman að hlusta – á hermitónlist.“

Námsmat

Umsögn.

Mat á vetrinum

Nemendur móttækilegir fyrir söng og leikjum. Hóparnir þó frekar stórir og oft erfitt að vinna með hljóðfæraleik í svona stórum hóp. Bókin „Það er gaman að hlusta – á hermitónlist ágæt, en á næsta ári væri gott að fara aðeins dýpra ofan í verkefnin og gera meira úr þeim.

Tónmennt – 5. bekkur

Tónmennt kennd í smiðju. Áhersla var lögð á tónlist frá framandi löndum þá helst á tónlist frá Afríku. Fjöldasöngur var tvisvar til þrisvar í viku í morgunsamveru, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Þar koma allir bekkir skólans saman í sal kl. 8:50 og syngja saman 2-3 lög.

Kennslustundir

Kennt í smiðju. 80 mín. tímar einu sinni í viku (11-12 skipti).

Helstu áherslur og skipulag kennslu.

Unnið með framandi tónlist frá öðrum löndum og heimsálfum. Sérstök áhersla á tónlist og menningu frá Afríkulöndunum. Kynntar m.a. í formi glærusýninga og söng. Siðir, dansar og hljóðfærasláttur og sungin þjóðlög frá Afríku. Unnið með bókina „Tónlist og Afríka“. Einnig unnið með skólahljóðfærin, s.s. tréspil ásamt því að notast við spjaldtölvur til að semja tónlist.

Árgangurinn sá um að flytja Helgileikinn í desember.

Námsmat

Einkunn og umsögn.

Mat á vetrinum

Gekk frekar erfiðlega í haust að finna taktinn með svona langa kennslustund í tónmennt. Gat verið erfitt að halda athygli og virkni nemenda á viðfangsefninu í 80 mínútur. Væri skynsamlegt fyrir næsta ár að tvískipta tímumum, þ.e. 40 mín verklegt og 40 mín bóklegt. Hópastærðin var þó kjörin og mikið hægt að gera með hóp af þessari stærð varðandi hljóðfæraleik. Bókin „Tónlist og Afríka“ hentaði aldri nemenda ekki nógu vel og því væri betra að prófa að nýta þessa skemmtilegu bók með yngri árgangi næsta vetur.

Tónmennt – 6. bekkur

Tónmennt kennd í smiðju. Áhersla var lögð á kvikmyndatónlist. Fjöldasöngur var tvisvar til þrisvar í viku í morgunsamveru, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Þar koma allir bekkir skólans saman í sal kl. 8:50 og syngja saman 2-3 lög.

Kennslustundir

Kennt í smiðju. 80 mín. tímar einu sinni í viku (12-14 skipti).

Helstu áherslur og skipulag kennslu.

Unnið með kvikmyndatónlist, leiki, sönglög, heimasíðuna „incredibox.com“ og kynning á appinu Garageband. Megin undirstaða verkefna var úr bókinni „Það er gaman að hlusta - á kvikmyndatónlist“. Hlusta, greina og spjalla um kvikmyndatónlist, er hún öðuvísi, hvernig nota kvikmyndir og sjónvarpsþættir tónlist og er hljóð mikilvægt fyrir myndefni. Einnig unnið með skólahljóðfærin s.s. trommur og tréspil. Horft á myndina Fantasia 2000 og unnin verkefni í tengslum við hana.

Námsmat

Einkunn og umsögn.

Mat á vetrinum

Gekk frekar erfiðlega í haust að finna taktinn með svona langa kennslustund í tónmennt. Gat verið erfitt að halda athygli og virkni nemenda á viðfangsefninu í 80 mínútur. Væri skynsamlegt fyrir næsta ár að tvískipta tímunum, þ.e. 40 mín verklegt og 40 mín bóklegt. Hópastærðin var þó kjörin og mikið hægt að gera með hóp af þessari stærð varðandi hljóðfæraleik. Það gekk frekar illa að fá þessa hópa til að syngja, því þau voru ekki nema 9-12 í hópi og margir frekar feimnir við söng í fámenni. Heimasíðan incredibox.com var virkilega skemmtileg og höfðaði mjög vel til nemenda ásamt forritinu Garageband og væri mjög gott að nýta það enn frekar með eldri hópunum.

Tónmennt – 7. bekkur

Tónmennt kennd í smíðju. Áhersla var lögð á þróun rokktonlistar á 6., 7. og 8. áratugnum. Fjöldasöngur var tvisvar til þrisvar í viku í morgunsamveru, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Þar koma allir bekkir skólans saman í sal kl. 8:50 og syngja saman 2-3 lög.

Kennslustundir

Kennt í smíðju. 80 mín. tímar einu sinni í viku (12-14 skipti).

Helstu áherslur og skipulag kennslu.

Unnið með bókina Hljóðspor og farið yfir þróun rokktonlistar. Fjallað um tónlistarmenn eins og Little Richard, Elvis Presley, Bítlana o.fl. Nemendur látnir semja tónlist með hjálp heimasíðunnar „incredibox.com“ og forritsins „Garageband“. Farið yfir helstu tónlistarstefnurnar og ýmis verkefni unnin í tengslum við þær. Unnið með skólahljóðfæri s.s. trommur og tréspil.

Námsmat

Einkunn og umsögn.

Mat á vetrinum

Gekk frekar erfiðlega í haust að finna taktinn með svona langa kennslustund í tónmennt. Gat verið erfitt að halda athygli og virkni nemenda á viðfangsefninu í 80 mínútur. Væri

skynsamlegt fyrir næsta ár að tvískipta tímunum, þ.e. 40 mín verklegt og 40 mín bóklegt. Hópastærðin var þó kjörin og mikið hægt að gera með hóp af þessari stærð

varðandi hljóðfæraleik. Það gekk þó frekar illa að fá þessa hópa til að syngja, því þau voru ekki nema 12 í hópi og margir frekar feimnir við söng í fámenni. Heimasíðan incredibox.com var virkilega skemmtileg og höfðaði mjög vel til nemenda ásamt forritinu Garageband og væri mjög gott að nýta það enn frekar með eldri hópunum.



Inga Dóra Stefánsdóttir, tónmenntakennari

Skýrsla heimilisfræðikennara

Heimilisfræði – 1. bekkur

Markmið

Að nemandi:

- geri sér grein fyrir mikilvægi handþvottar,
- kynnist mælieiningum,
- þekki muninn á borðklút og uppþvottastykki,
- átti sig á að til er hollur og óhollur matur,
- kynnist fæðuhringnum.

Námsefni

Gott og gaman, heimilisfræði fyrir byrjendur ásamt uppskriftum frá kennara.

Kennsluaðferðir

Útlistunarkennsla sem gengur út á að útskýra, miðla og efla skilning nemenda á ákveðnu viðfangsefni. Hópvinnubrögð sem auka samkennd innan hópans og þjálfar um leið samvinnu og verkaskiptingu. Sýnikennsla þar sem unnið er með allan hópinn. Leikir þar sem unnið er með hugtök og verkfæri sem tilheyra greininni.

Námsmat

Umsagnir sem miðast við vinnu hvers og eins.

Kennslustundir

Í lotum, sjö vikur, 60 mínútur einu sinni í viku.

Verkefni í vetur

Nemendur bjuggu til stafinn sinn og brauðdýr úr gerdeigi. Bakaðar voru múffur og smákökur og krakkarnir bjuggu til ávatapinna.

Mat á vetrinum

Allt gekk ljómandi vel. Nemendur voru mjög áhugasamir, unnu afar vel og fylgdu fyrirmælum kennarans.

Heimilisfræði – 2. bekkur

Markmið

Að nemandi:

- geri sér grein fyrir því hvers vegna og hvenær hendur eru þvegnar,
- fái þjálfun í að hreinsa áhöld og þvo upp,
- átti sig á að til er hollur og óhollur matur,
- læri að hreinsa og brytja ávexti og grænmeti með hníf,
- læri hvað fæðuflokkarnir heita.

Námsefni

Heimilisfræði 2.

Kennsluaðferðir

Útlistunarkennsla sem gengur út á að útskýra, miðla og efla skilning nemenda á ákveðnu viðfangsefni. Hópvinnubrögð sem auka samkennd innan hópsins og þjálfar samvinnu og verkaskiptingu. Sýnikennsla þar sem unnið er með allan hópinn. Verklegar æfingar sem þjálfar vinnubrögð og leikni.

Námsmat

Umsagnir miðast við vinnu hvers og eins.

Kennslustundir

Í lotum, sex vikur einu sinni í viku í 60 mínútur.

Verkefni

Nemendur bjuggu til brauðdýr úr gerdeigi. Bakaðar voru múffur, smákökur og tebollur. Verkefni í kennslubók.

Mat á vetrinum

Allt gekk ljómandi vel. Nemendur voru mjög áhugasamir, unnu mjög vel og fylgdu fyrirmælum kennarans.

Heimilisfræði – 3. bekkur

Markmið

Að nemendur:

- fái innsýn í það í hverju góðar matarvenjur eru fólgnar,
- geti mælt í heilum og hálfum dl og notað mæliskeiðar,
- geti unnið í samvinnu við aðra,
- geti gengið frá eftir sig með leiðsögn.

Námsefni

Heimilisfræði 3 og uppskriftir frá kennara.

Kennsluaðferðir

Verklegar æfingar - þjálfar vinnubrögð og leikni. Nemendum er skipt í hópa, tveir til þrír nemendur vinna saman. Útlistunarkennsla; útskýringar og miðlun sem eflir skilning nemenda á viðfangsefni. Hópvinnubrögð sem auka samkennd innan hópsins og þjálfar samvinnu og verkaskiptingu. Sýnikennsla þar sem unnið er með allan hópinn og nemendur vinna verkefni eins og að baka, vaska upp og þrifa.

Námsmat

Gefin sem umsögn sem byggir á vinnusemi, vinnubrögðum, samvinnu og hegðun í kennslustundum.

Kennslustundir

Í lotum, 7 vikur, 60 mínútur einu sinni í viku

Verkefni

Nemendur bjuggu til brauðdýr úr gerdeigi. Bakaðar voru múffur, smákökur, kryddkaka og tebollur. Verkefni voru unnin í kennslubók.

Mat á vetrinum

Gekk ljómandi vel. Nemendur voru mjög áhugasamir, unnu mjög vel og fylgdu fyrirmælum kennarans.

Heimilisfræði – 4. bekkur

Markmið

Að nemendur:

- fái innsýn í það í hverju góðar matarvenjur eru fólgnar,
- geti mælt í heilum og hálfum dl og notað mæliskeiðar,
- fái þjálfun í að nota rafmagnstæki sem notuð eru við eldhússtörf, svo sem rafmagnsþeytara, ofn, eldavél og vöfflujárn,
- geti unnið í samvinnu við aðra,
- geti gengið frá eftir sig með leiðsögn.

Námsefni

Gott og gagnlegt 3 og uppskriftir frá kennara.

Kennsluaðferðir

Verklegar æfingar til að þjálfa vinnubrögð og leikni. Nemendum er skipt í hópa, tveir til þrír nemendur vinna saman. Útlistunarkennsla; útskýringar og miðlun sem eflir skilning nemenda á viðfangsefni. Hópvinnubrögð sem auka samkennd innan hópsins og þjálfa samvinnu og verkaskiptingu. Sýnikennsla þar sem unnið er með allan hópinn og nemendur vinna verkefni eins og að baka, vaska upp og þrifa.

Námsmat

Gefið með umsögn sem byggir á vinnusemi, vinnubrögðum, samvinnu og hegðun í kennslustundum.

Kennslustundir

Í lotum, 8 - 9 vikur í senn, 60 mínútur tvisvar í viku.

Verkefni

Nemendur þjuggu til fléttubrauð, kryddbrauð og bananabrauð. Bakaðar voru múffur, smákökur, eplakaka og skúkkulaðikaka. Nemendur skáru niður ávexti og útbjuggu ídýfu. Þeim var kennt að leggja á borð og búa til kjötbollur og vefjur. Verkefni voru unnin í kennslubók og aðrar uppskriftir voru notaðar.

Mat á vetrinum

Gekk ljómandi vel. Nemendur voru mjög áhugasamir, unnu mjög vel og fylgdu fyrirmælum kennarans.

Heimilisfræði – 5. bekkur

Markmið

Að nemandi:

- tileinki sér hreinlæti við heimilisstörf,
- fái þjálfun í að nota rafmagnstæki sem notuð eru við eldhússtörf, svo sem rafmagnsþeytara, ofn, eldavél og vöfflujárn,
- geti unnið með hverjum sem er í sátt og samlyndi,
- kunni skil á öllum mæliskeiðunum og og öðrum áhöldum,
- þjálfist í að vinna eftir einföldum uppskriftum,
- læri að ganga vel frá eftir sig, vaska upp og þurrka áhöld,
- gangi frá áhöldum á sinn stað.

Námsefni

Gott og gagnlegt 1, auk uppskrifta frá kennara.

Kennsluaðferðir: Nemendum er skipt í hópa, tveir til þrír nemendur vinna saman verklegar æfingar, þjálfar vinnubrögð og leikni. Útlistunarkennsla; útskýringar, miðlun sem eflir skilning nemenda á viðfangsefni. Hópvinnubrögð sem auka samkennd innan hópsins og þjálfar samvinnu og verkaskiptingu. Sýnikennsla þar sem kennari sýnir nemendum hvernig best er að vinna verkefni eins og að baka, vaska upp, þrifa, þurrka og ganga frá áhöldum.

Námsmat

Vinnusemi, vinnubrögð, samvinna og hegðun í kennslustundum er metin. Einkunn er gefin í tölum og umsögn.

Kennslustundir

Í lotum, sex vikur, tvær kennslustundir í senn (80 mínútur) tvisvar í viku.

Verkefni

Bakað úr gerdeigi, snúðar og flatbökur. Unnið með mismunandi deig og meðal annars bakaðar vöflur, lummur, múffur, tebollur og kryddkökur.

Mat á vetrinum

Allt gekk ljómandi vel. Nemendur voru mjög áhugasamir, unnu afar vel og fylgdu fyrirmælum kennarans.

Jóhanna G. Ólafsson

Heimilisfræði – 6. bekkur

Nemendum var skipt í átta 9 - 13 manna hópa sem komu í átta lotum. Hver lota var 12 sinnum í tvær kennslustundir.

Tekið var á ýmsum þáttum hins daglega lífs hvað varðar næringu og fæðu, umhverfi, neyslu og heilbrigða lífshætti.

Áhersla var lögð á að nemendur næðu tökum á að vinna með gerdeigsuppskriftir. Einnig lærðu þeir hvernig best er að gera þeytt deig þannig að kökurnar verði léttar og ljúffengar. Eldaðir voru ýmsir réttir úr nauta- og kjúklingakjöti.



Verkefni voru unnin úr heimilisfræðibókinni Gott og gagnlegt 2, en auk þess var unnið eftir uppskriftum frá kennara.

Heimilisfræði – 7. bekkur

Nemendum var skipt í átta 10 - 12 manna hópa sem komu í átta lotum. Hver lota var 12 sinnum í tvær kennslustundir.

Tekið var á ýmsum þáttum hins daglega lífs hvað varðar næringu og fæðu, umhverfi, neyslu og heilbrigða lífshætti.

Áhersla var lögð á að nemendur væru sjálfstæðir í verki. Gætu einnig unnið í samstarfi, farið eftir uppskriftum og leiðbeiningum. Bæru ábyrgð á bökunar- eða steikingartíma. Gengju vel frá í eldhúsinu.

Bakað var og eldað, náðu nemendur frábærum tökum á hinum ýmsu uppskriftum.

Verkefni voru unnin úr heimilisfræðibókinni: Gott og gagnlegt 3, auk þess var unnið eftir uppskriftum frá kennara.



Nokkrir nemendur 7. bekkjar tóku þátt í að baka eftirrætt, sem þeir báru fram á árshátíð þeirra í vor og sló hann rækilega í gegn!

Skipulag kennslunnar

Mikil áhersla var lögð á samvinnu nemenda. Nemendum var oftast skipt í tveggja manna hópa sem þeir völdu sjálfir en stundum var dregið í hópa. Nemendur báru ábyrgð á sínu vinnusvæði og skiptu með sér verkum sem oftast gekk vel.

Í desember var jólapema í skólanum. Nemendum var skipt í hópa og var ákveðið að þeir sem veldu heimilisfræði bökuðu smákökur, pökkuðu þeim inn og seldu síðan á jólamarkaði skólans. Ágóðinn var síðan gefinn til styrktar fátækum börnum.

Námsmat

Einkunnir voru gefnar í tölustöfum og umsögnum í þessum árgöngum. Tekið var mið af vinnusemi, vinnubrögðum, sjálfstæði og samvinnu.

Mat á vetrinum

Skólaárið gekk mjög vel, nemendur voru áhugasamir og unnu vel. Áttatíu mínútur eru lágmark til að ljúka við verkefni í heimilisfræði. Af áhuganum að dæma virtust verkefnin vera við hæfi og voru nemendur alltaf glaðir og ánægðir að tíma loknum. Þetta voru ánægjulegir tímar sem við nemendur áttum saman.

Helga Sigríður Guðjónsdóttir, heimilisfræðikennari

Skýrsla námsráðgjafa

Inngangur

Starfshlutfall námsráðgjafa var 49% staða skólaárið 2016-17. Hér á eftir mun ég gera grein fyrir helstu verkefnum mínum sem námsráðgjafi í Flataskóla skólaárið 2016-17.

Helstu áherslur

Markmið námsráðgjafar í grunnskólum er að veita nemendum faglega þjónustu og ráðgjöf í málum sem tengjast námi þeirra, framtíðaráformum, samskiptum og líðan í skólanum. Lögð er áhersla á að allir nemendur skólans fái notið þjónustu námsráðgjafans.

- Námsráðgjafi vinnur forvarnarstarf með því m.a. að veita nemendum þann stuðning sem þeir þurfa til að skólagangan nýtist þeim sem best.
- Námsráðgjafi aðstoðar nemendur við að átta sig á hæfileikum sínum og áhugamálum og hjálpar þeim við að setja sér markmið.
- Námsráðgjafi er trúnaðarmaður og málsvari allra nemenda skólans og gætir hagsmuna þeirra.
- Námsráðgjafi styður nemendur vegna tímabundinna erfiðleika eða áfalla. Hann leitast við að greina vanda nemenda og vísa til viðeigandi meðferðaraðila ef þörf krefur.
- Námsráðgjafi leggur sérstaka áherslu á vinnu með hópa og á forvörn.
- Námsráðgjafi leitast við að vera í góðri samvinnu við alla starfsmenn skólans.
- Námsráðgjafi aðstoðar kennara, annað starfsfólk skólans og foreldra í einstökum málum tengdum nemendum.

Helstu þættir starfsins

Samstarfsaðilar

Námsráðgjafi situr nemendaverndarráðsfunði ásamt skólustjóra, aðstoðarskólustjóra, deildarstjórum, skólasálfræðingi og skólahjúkrunarfræðingi. Námsráðgjafi er ritari hópsins. Á nemendaverndarráðsfundum koma oft fyrir mál sem námsráðgjafi vinnur með eða er falið að vinna með.

Námsráðgjafar í grunnskólum Garðabæjar halda reglulega samstarfsfunði allt skólaárið.



Formlegir og óformlegir fundir voru með kennurum um mál einstaka nemenda eða nemendahópa. Samskiptamál milli nemenda, hegðunarvandamál og almenn vanlíðan voru helstu ástæður þess að bekkjarkennarar fengu aðstoð námsráðgjafa. Reyndi námsráðgjafi eftir bestu getu að bregðast við og finna ráð sem stuðlað gætu að bættri líðan. Það var gert með einstaklingsviðtölum, bekkjarfundum og vinnu með smærri hópa. Eins vísaði ég málum til annarra fagaðila. Ég átti gott samstarf við sálfræðing og atferlisfræðing skólans. Að hausti var farið yfir málefni þeirra nemenda sem talin var þörf á að fylgjast sérstaklega með. Skólastjórnendur ásamt námsráðgjafa fylgdust vel með framgangi mála hjá nemendum og gripu inn í ef með þurfti.

Viðtöl

Flestir nemendur koma í viðtöl vegna tilvísunar, annaðhvort frá kennara, skólastjórnendum, skólasálfræðingi og/eða foreldrum. Viðtölin snúast helst um samskiptavandamál, um líðan nemenda bæði í skólanum og utan hans, en einnig um skipulag námsins. Reynt var greiða úr samskiptavandamálum, einnig að styrkja sjálfstraust nemenda og félagsfærni. Námsráðgjafi leiðbeindi þeim sem það þurftu við námstækni, hvernig best er að skipuleggja nám sitt og tileinka sér betri vinnubrögð í námi.

Vinna með hópa – hópráðgjöf

Áhersla er lögð á að þjónusta námsráðgjafans sé fyrir alla nemendur skólans. Vegna mikillar fjölgunar nemenda í skólanum þetta starfsár gafst námsráðgjafa ekki tími til að fá nema fáa nemendahópa í félagsfærni. Námsráðgjafi í hópum varð því miður að sleppa. En ég tók nokkra hópa í félags- og samskiptafærni þar sem á þurfti að halda.

Námsráðgjafi aðstoðaði við líðan- og áhugakannanir.

Eineltismál

Námsráðgjafi heldur utan um eineltismál skólans. Hann vinnur að þeim málum í nánú samstarfi við viðkomandi bekkjarkennara og skólastjórnendur. Hann er einnig í eineltisteymi grunnskólanna í bænum og heldur teymið reglulega fundi.

Önnur verkefni – viðhald fagþekkingar

- Jákvæð skólafærni SMT (School Management Training). Námsráðgjafi sendir út siði vikunnar allan veturinn og kemur nýju starfsfólki inn í SMT kerfið.
- Fundir með umsjónarkennurum, foreldrum og skólastjórnendum.
- Kennara- og starfsmannafundir.
- Í nemendaverndarráði.
- Fyrirlestrar á vegum Náum áttum.
- Í eineltisteymi grunnskólanna í Garðabæ.
- Í áfallaráði skólans.
- Alþjóðleg ráðstefna náms- og starfsráðgjafa í Madrid í nóvember.

Lokaorð

Ég hef hér reynt að gera grein fyrir helstu þáttum í starfi mínu starfsárið 2016-17. Starfið hefur verið fjölbreytt og greinilegt að kennarar og nemendur nýta sér sífellt betur að hafa aðgang að námsráðgjafa. Vegna mikillar fjölgunar nemenda í skólanum hefur námsráðgjafi sem einungis er í 49% starfi ekki getað tekið nemendahópa eins oft og hann hefði kosið.

Ekki er mögulegt að skrá alla þætti starfsins, þætti sem geta verið jafn mikilvægir og þeir skráðu. Það eru þættir eins og símtöl, „fundir“ á göngum og kaffistofu og vinna við undirbúning og skráningar.

Til að starf námsráðgjafa skili árangri þarf gott samstarf við alla aðila að vera fyrir hendi. Ég hef átt gott samstarf við nemendur, samstarfsfólk og foreldra. Það er ómetanlegt og vil ég þakka það.

Ásta Bára Jónsdóttir, námsráðgjafi

Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni

Starf kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni

Kennsluráðgjafi er í 100% starfshlutfalli og hefur umsjón með stefnu, uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni í skólanum. Hann veitir nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans aðstoð við að nota tölvu- og upplýsingatækni í skólastarfi. Val á tæknibúnaði, skráning og eftirlit með búnaði er einnig hluti af verkefnum hans ásamt að vera milliliður við tölvudeild vegna tæknilegra viðfangsefni. Hann fylgist með nýjungum í tölvu- og upplýsingatækni, kynnir sér námsefni og vefi sem hægt er að samþætta inn í skólastarfið. Kennsluráðgjafi sér um notendabjónustu fyrir kennara, foreldra og nemendur í Mentor, gengur frá prentun vitnisburðarblaða í lok haust- og vorannar.

Kennsluráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni í skólum Garðabæjar vinna náið saman, þeir fara yfir og uppfæra námsáætlanir í tölvu- og upplýsingatækni árlega. Þeir halda reglulega fundi um viðfangsefni sem tengjast tölvu- og upplýsingatækni eins og t.d.: öryggismál, vefi skólanna, sameiginleg tækja- og hugbúnaðarkaup, skipulagning örnámskeiða/menntabúða og framkvæmd verkferla. Einnig kynna þeir sér hugbúnað og kennsluvefi á netinu og deila með sér hugmyndum um notkun þess í skólastarfi.

Kennsluráðgjafi setur inn efni á upplýsingaskjáir fyrir starfsfólk og nemendur sem staðsettir eru í kaffistofu starfsmanna og við aðaldyr skólans. Hann heldur einnig utan um vefsíðu skólans og setur inn fréttir og myndir og uppfærir annað efni síðunnar eftir þörfum. Áhersla er lögð á að taka myndir og myndbönd af skólastarfinu til að setja á vefinn en það eru verðmætar heimildir um það starf sem fram fer í skólanum á hverjum tíma.

Kennsluráðgjafi skipulagði heimsókn gesta frá Ungverjalandi í apríl sl. sem hafa hug á að vinna samstarfsverkefni með kennurum skólans. Einnig sótti hann tvær ráðstefnur í Evrópu á haustönn í tengslum við starf sitt.

Nám og kennsla

Kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ eru tiltækar fyrir kennara til viðmiðunar við eigin gerð námsáætlana. Þær voru uppfærðar árlega af kennsluráðgjöfum skólanna. Lagt var til að tölvufærnin væri kennd í smíðjum þar sem hver nemandi fengi frá 6 til 10 kennslustundir yfir veturinn í fámennari hópum en umsjónarkennarar sæju um kennslu í tölvu- og upplýsingatækni að öðru leyti til að fylla upp í viðmiðunarstundaskrá í þessu fagi. Viðmiðunaartími í 1. til 4. bekk er 30 mínútur á viku alla veturna og 40 mínútur á viku í 5. til 7. bekk alla veturna. Kennarar setja inn í sínar áætlanir hvernig þeir ætla að tengja tækni- og upplýsingamennt inn í almenna skólastarfið. Kennslan miðast við markmið námskrár í tölvu- og upplýsingatækni og mismunandi þættir skulu teknir fyrir í hverjum árgangi, þannig að nemendum sé tryggður góður þekkingargrunnur í þessu fagi og að samfella verði öll árin sem þeir eru í skólanum hjá okkur. Í kennsluáætlunum er m.a. lögð áhersla á fræðslu um öryggi á netinu og kennarar hvattir til að ræða um örugga netnotkun við nemendur strax í upphafi hvernar annar og einnig af og til allan veturinn þegar tilefni gefast. Þeir ræða um þær reglur sem gilda almennt um tölvunotkun í skólanum og notað er m.a. kennsluefni sem liggur á vefsíðu SAFT.

Kennsla í tölvustofu, tölvunotkun nemenda og nýting upplýsingatækni í skólastarfi miðast fyrst og fremst við það að kenna nemendum að nýta sér tölvu- og upplýsingatækni í tengslum við annað nám eða sem verkfæri í öllu skólastarfi. Kennsluráðgjafi leitar að tengslum í skólastarfinu við tölvu- og upplýsingatækni og bendir kennurum á hvað er í boði og hvernig hægt er að nýta það sem best þar. Skólinn er með aðgang að Skólavefnum fyrir alla nemendur skólans. Einnig hafa nemendur í skólum Garðabæjar aðgang að vefrænum orðabókum.



Nemendur í öllum bekkjum voru með a.m.k. eina kennslustund á stundaskrá á viku með umsjónarkennara í tölvuverinu og nýttu sér tölvur úr fartölvuvögnunum í viðbót ef vantaði upp á tölvur í tölvuverinu (þær eru 21+1 kennaratölva).

Bókasafnið var mikið notað af nemendum í 7. bekk þar sem stofur þeirra náðu illa þráðlausa netinu í Norðurálmu. Settur var upp þráðlaus sendir þar eftir áramót, en vandamálið er enn til staðar á neðri hæðinni og í Suðurálmu.

Námskeið í handrita- og myndbandagerð á vegum RIFF var haldið fyrir tíu nemendur úr 6. bekk í Flataskóla ásamt 40 öðrum nemendum úr hinum skólum Garðabæjar. Kennsluráðgjafi fylgdi nemendum eftir á þessu fimm daga námskeiði sem haldið var í Garðaskóla. Auk þess hélt kennsluráðgjafi nokkur örnámskeið af og til yfir veturinn fyrir kennara skólans um efni sem tengdist tölvu- og upplýsingatækni í skólastarfi.

Nemendur í 6. og 7. bekk fengu Micro.bit örtölvu gefins í haust og haldið var námskeið fyrir kennara í þessum bekkjum og tvo nemendur úr hverjum bekk. Nemendurnir kenndu síðan bekkjarfélögum sínum og allir fengu að fara með tölvurnar heim að lokum. Í október var Code Week sem nokkrir bekkir tóku þátt í.

Menntabúðir í skólabyrjun

Kennsluráðgjafar skipulögðu menntabúðir í tölvu- og upplýsingatækni á starfsdegi í upphafi skólaársins og sóttu þær allir kennarar Garðabæjar. Boðið var upp á allmörg námskeið og fyrirlestra. Í kjölfarið voru svo fimm af vinsælustu námskeiðunum endurtekin í skólunum yfir veturinn sem kennsluráðgjafarnir sáu um.

Aðstaða til kennslu

Í skólanum voru 207 tæki eða borðtölvur/fartölvur/spjaldtölvur sem skiptust samkvæmt töflunni hér fyrir neðan.


	Tölvu-ver	Bóka-safn	Fartölvur	Vinnu-herbergi	Sér-kennslu-stofur	Spjaldtölvur	Stofu-tölvur	Sam-tals
Nemendur	21	8	31	0	10	70	10	150
Kennarar/aðrir starfsmenn	1	1	47	2	0	2	4	57
Samtals	22	9	78	2	10	72	14	207

Tafla 2. Skipting tölva og tækja.

Tölvur/spjaldtölvur sem sérstaklega voru ætlaðar nemendum voru 150 en tölvur fyrir starfsfólk voru 57. Nýr tölvuvagn var tekinn í notkun með 15 fartölvum, svo nú eru tveir vagnar með 30 tölvum alls. Nemendur í skólanum í vetur voru um 540 og eru því tæplega þrír nemendur um hverja nemendatölvu eða spjaldtölvu.

Í tölvuverinu eru 22 borðtölvur, 1 kennaratölva og 21 nemendatölva frá árinu 2016 og á bókasafni eru 8 borðtölvur frá 2016. Fartölvur starfsmanna eru nær allar frá haustinu 2012 og stendur til að endurnýja þær í haust, en kennarar sem hófu störf sl. vetur hafa fengið nýrri fartölvur. Þráðlaust net er í skólanum sem kom haustið 2013 og hefur það nýst vel með spjaldtölvum og fartölvum en það þarf að bæta við sendum á norður- og suðurgangi. Í fundarherbergi inn af bókasafni er lélegt þráðlaust net en þar er hægt að tengja með snúru. Það stendur til að setja upp Meraki-senda í skólann í sumar sem eru mun öflugri en þeir sem fyrir eru, svo von er til að netið verði betra næsta haust. Skjávarpar með hátölurum eru í öllum stofum, bókasafni, hátíðarsal, í tölvuveri, myndmenntastofu og tónmenntastofu.

Í skólanum er ein gagnvirk tafla „Smart Board“ (frá árinu 2008) sem var notuð við kennslu í fyrsta bekk í vetur. Tveir lausir skjávarpar (annar frá haustinu 2010 en hinn eldri) eru til útláns og hægt að panta þá í póstkerfinu okkar í Outlook. Fimmtán nýjar spjaldtölvur voru teknar í notkun í vetur og eru þær því sjötíu og tvær alls í skólanum. Hver árgangur fékk til afnota frá sex til tíu spjaldtölvur sem geymdar voru í bekkjarstofunum og lánuðu kennarar hver öðrum ef á þurfti að halda. Spjaldtölvurnar notuðu nemendur aðallega til að útbúa ýmis konar kynningar í tengslum við verkefnavinnu, t.d. í landafræði, sögu og fl., en einnig til þjálfunar í stærðfræði, ensku og íslensku og við upplýsingaöflun. Opnað var fyrir BYOD aðgang í haust og nýttu kennarar sér það við sín tæki (síma) en enginn nemandi fékk aðgang í ár.



Viðtöl við kennara

Kennsluráðgjafi hitti umsjónarkennara af og til yfir veturinn. Farið var yfir hvað væri verið að vinna í tölvu- og upplýsingatækni og hvað hefði verið gert og hvað væri fram undan. Lagði kennsluráðgjafinn ýmislegt til í þeim efnum og aðstoðaði eftir því sem þörf var á. Boðið var upp á nokkur örnámskeið sem tengdust tölvufærni yfir veturinn.

Myndavélar og annar búnaður


Hver árgangur hafði myndavél til umráða og sérgreinakennarar eina sameiginlega. Mikil áhersla er lögð á að kennarar taki myndir af skólastarfinu svo hægt sé að miðla þeim með fréttum á vefinn. Tvær myndbandsvélar eru til í skólanum, einnig ein góð vefmyndavél sem notuð hefur verið við rafræn samskipti við skóla, t.d. í tengslum við eTwinning vefundi og Mystery Skype. Tveir lausir DVD spilarar og þrjár vefmyndavélar (HUE HD webcam) eru til reiðu til að vinna með, t.d. „animation“ verkefni.

Mentor

Vefurinn hjá mentor býður upp á samskipti heimila og skóla. Kennarar sendu upplýsingar vikulega í tölvupósti heim um skólastarfið. Kennarar skrá ástundun nemenda, færa dagbók, verkefnabækur og einkunnir inn í Mentor.

Vefur skólans

Kennsluráðgjafi sér um vef skólans. Lögð er áhersla á að vera alltaf með nýjustu upplýsingar um skólastarfið hverju sinni. Fréttir, myndir og viðburðir er alltaf vinsælt skoðunarefni. Við mældum fleiri heimsóknir á heimasíðuna í ár en í fyrra eða um 250 miðað við 180 innlit¹ að meðaltali daglega í fyrra. Í hverjum mánuði fengum við tæplega 1900 notendur að meðaltali í heimsókn á vefinn (sjá mynd) og eru það talsvert fleiri heimsóknir en í fyrra sem voru um 1600. Síðuflettingar voru um 700 á dag sem er mun fleiri en í fyrra.



FJÖLDI INNLITA Á VEF SKÓLANS Á MÁNUÐI SKÓLAÁRÍÐ 2016-2017. (TEKIÐ AF VEF MODERNUS Í JÚNÍ 2017).

Mynd 8. Fjöldi innlita á vef skólans á mánuði

¹ Þegar notandi kemur inn á vef í fyrsta skipti telst það vera eitt innlit. Ef sami notandi kemur inn á sama vef innan 30 mín. telst það vera sama innlit. Komi sami notandi inn á sama vef eftir að 30 mín. eru liðnar frá síðustu flettingu þá telst það vera nýtt innlit. (Útskýring Modernus.)

Samskiptaverkefni

Eins og undanfarin ár voru unnin nokkur eTwinning samskiptaverkefni. eTwinning er rafrænt skólasamstarf í Evrópu. Kennsluráðgjafi var oftast milligöngumaður um samstarfið við aðra skóla. Allmargir kennarar skólans eru þó skráðir á eTwinning vefinn. Í vetur tókum við þátt í fjórum verkefnum, en þau voru: Evrópska keðjan (4. bekkur, Auður og Kristín), eTwinning verkefnið „1song2gether4joy“, en verkefnið var hliðarverkefni við samskiptaverkefnið Schoolovision. Nemendur æfðu lagið „The sky is the limit“.

Byggðin okkar (6. bekkur, Jóhanna) sem var íslenskt samstarfsverkefni með Árskóla Sauðárkróki, Schoolovision 2017 (4. til 7. bekkur), „Meet us, our school and our town“ (3. bekkur, Linda). „Our wild animals“ (1. bekkur, Anna Margrét, Erna og Hjördís). Lesa má um verkefnið á heimasíðu skólans. (<http://flataskoli.is/skolinn/samskiptaverkefni/verkefni-veturinn-2016-2017/>).

Sótt var um „Quality Label“ eða gæðamerki fyrir öll verkefni til Alþjóðaskrifstofunnar en það gefur kost á að fá þau metin og þau sett í hóp þeirra verkefna sem fá viðurkenningar. Flataskóli hlaut viðurkenningar fyrir öll verkefni sín sl. haust.

Mystery Skype

Nemendur í nokkrum bekkjum í 5. til 7. bekk tóku þátt í Mystery Skype í vetur. Það er leikur þar sem tveir bekkir hittast á netinu og hvorugur veit hvar hinn er. Markmið með verkefninu er að láta nemendur finna hvar í heiminum hinir eru með því að spyrja já og nei spurninga. Þarna æfðu nemendur sig m.a. í samskiptatækni, ensku, landafræði, sögu og fleiru og höfðu þeir bæði gagn og gaman af verkefninu. Finna má umfjöllun um verkefnið í fréttum á heimasíðunni okkar.

Mat á vetrarstarfi - vangaveltur og framtíðarsýn

Samstarf við kennara gekk vel í vetur og er það ómetanlegt. Þó hrjáði tímaleysi okkur stundum því erfitt var að finna tíma til að ræða málin og einnig til að halda námskeið en miðvikudagarnir sem ætlaðir voru til þess voru stundum tvíbokaðir. Spjallið fór því oft fram á göngum og í vinnuherbergi/kaffistofu. Kennarar þurfa á stöðugri endurmenntun/símenntun að halda svo þeir geti nýtt tæknina með nemendum sínum á sem fjölbreyttastan hátt í öllu skólastarfi. Til að tryggja að það sé sem best, sé ég endurmenntunina fyrst og fremst fara stöðugt fram á starfsstaðnum þar sem fengnir eru leiðbeinendur til að sinna því.

Með tilkomu þráðlauss nets og BYOD í skólum Garðabæjar, sem sett var upp í haust, þarf að hyggja enn frekar að netöryggi og kenna nemendum að umgangast þetta verkfæri, svo að þeir beri ekki skaða af. Kennarar þurfa alltaf að hafa þetta í huga um leið og þeir leiðbeina nemendum sínum í þessum málum.

Mikilvægt er að samþætta tæknina vel inn í allt skólastarf svo það sé sem eðlilegasta verkfæri í öllu þeirra starfi í hvaða námsgrein sem er og einnig til að undirbúa nemendur undir framtíðina. En ljóst er að tæknin verður enn frekar við völd í öllum starfsgreinum sem þeir takast á við þegar út á starfsvettvang fullorðinsáranna er komið.

Ljóst er að skólafólk þarf að vera vakandi gagnvart tækniþróuninni. Hún breytist og því er mikilvægt að skapa nemendum/kennurum okkar greiðan aðgang að henni í þeirri mynd sem hún birtist hverju sinni. Aðgangur að þeim tæknibúnaði sem í boði er hverju sinni er mikilvægur til að nemendur/kennarar geti tileinkað og kynnt sér það sem nýjast er á boðstólum hverju sinni.

*Kolbrún Svala Hjaltadóttir,
kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni*

Skýrsla tómstundaheimilisins Krakkakots

Starfsmannamál

Í Krakkakoti störfuðu 15 starfsmenn. Sex þeirra vinna við skólann (skólaliðar og stuðningsfulltrúar) fyrir hádegis og koma svo yfir í Krakkakot klukkan 14:00. Stöðugildin eru á bilinu 7,5%-50% fyrir utan umsjónarmann sem er í fullu starfi.

Fastráðnir starfsmenn og starfshlutfall í Krakkakoti 2016-2017

Finnur Jónsson, umsjónarmaður 100%.

Anna Sigríður Pálsdóttir, tómstundaleiðbeinandi 50%.

Jónína Sigrún Guðmundsdóttir, tómstundaleiðbeinandi 50%.

Tómstundaleiðbeinendur í hlutastarfi

Theodóra Dís Agnarsdóttir, 7,5%.

Mary Ann Divinagracia, 40%.

Janis Novikovs, 25%.

Guðni Þór Þórsson, 7,5%.

Íris Pálsdóttir, 25%.

Halldór Örn Blöndal Ragnarsson, 40%.

Stefanía Paula Bizoi, 25%.

Haraldur Pálsson, 30%.

Íris Rut Jónsdóttir, 25%.

Eliza Dantes Kristjansson, 25%.

Jolita Balciuniene, 25%.

Dagur Snær Stefánsson, 15%.

Forstöðumaður

Forstöðumaður tómstundaheimilis ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd þess starfs sem unnið er á tómstundaheimilinu. Markmið starfsins er veita 6-9 ára börnum og foreldrum þeirra heildstæða og faglega þjónustu þar sem uppeldisgildi starfsins eru höfð að leiðarljósi. Það felur í sér að veita börnunum tækifæri til afþreyingar í frítíma og þjónustu óháð áhugasviði þeirra eða getu í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Starfsvið forstöðumanns er að hafa yfirumsjón með öllum þáttum Krakkakots. Það felur m.a. í sér að sjá um tímaskráningu nemenda, sjá um samskipti við bæjarskrifstofur Garðabæjar vegna greiðslumála og að samræma tómstundaheimilin í Garðabæ. Samskipti við foreldra og yfirmenn Flataskóla, innkaup, tímaskráningu starfsmanna og heildarskipulagningu starfsins í samvinnu við starfsmenn Krakkakots.

Tómstundaleiðbeinandi

Starf tómstundaleiðbeinanda felur í sér umsjón með nemendum frá því skóla lýkur og þar til þeir fara heim. Hlutverk þeirra var almenn gæsla úti og inni og umsjón með ýmsum verkefnum, t.d. hafa til nesti í kaffitíma, skrá inn nemendur og aðstoða nemendur á völdum svæðum í daglegu starfi. Mesti álagstíminn í Krakkakoti er fyrst eftir að skóla lýkur þegar nemendafjöldinn er sem mestur. Í upphafi skólaárs vorum við á tveimur stöðum. Fyrsti bekkur var í suðurálmú og annar til fjórði bekkur var í húsum fyrir utan. Krakkarnir mættu og skráðu sig inn, fengu sér hressingu og fóru svo í val. Starfsmenn dreifast á svæðin til eftirlits og aðstoðar. Eftir því sem nemendum fækkar minnkar starfsmannapörfin og fara því sumir starfsmenn fyrr heim en aðrir. Nokkrir starfsmenn bera ábyrgð á að loka

tómstundaheimilinu. Það felur í sér að tryggja að allir nemendur séu örugglega farnir heim, að frágangur á svæðum sé í lagi, ljós sé slökkt og að útidyrhurðin sé læst. Ástæðan fyrir því að starfsmenn eru alltaf minnst tveir að loka er öryggisatriði þannig að ef eitthvað kemur upp á þá er starfsmaðurinn ekki einn á svæðinu.

Undirbúningsvika

Viku fyrir skólasetningu bauðst börnum sem voru að byrja í 1. bekk að koma í svokallaða undirbúningsviku. Markmiðið var að börn og starfsmenn kynntust betur áður en skólastarf hefst. Í þessari viku var farið í hópeflisleiki, börnunum sýndur skólinn, skólalóðin, leiðin í íþróttahúsið og fleira. Þessi vika tókst vel og verður hún aftur haldin næsta haust. Í undirbúningsvikunni voru 37 börn skráð.

Krakkakot í vetur

Í Krakkakoti í vetur voru í heildina 145 börn skráð í upphafi skólaárs. Þetta er örlítill fjölgun frá því í fyrra. Um og upp úr áramótum fór börnunum að fækka og þá helst í 2., 3. og 4. bekk. Ástæðan fyrir fækkuninni var oft á tíðum aukið sjálfstæði nemendanna sem og breyttar tímasetningar á íþróttæfingum. Helst það í hendur við upplifun og reynslu starfsmanna Krakkakots fyrri ára.

Starfstími Krakkakots er frá því að skóla lýkur kl. 14:00 til kl. 17:00 alla daga. Eftir klukkan 16.00 fer börnunum að fækka umtalsvert og því er hægt að fækka starfsfólki eftir þann tíma. Krakkakot er opið á þeim dögum sem ekki er skóli, s.s. í jólafríi, páskafríi, vetrarfríi, á skipulagsdögum og þegar nemenda- og foreldraviðtöl fara fram. Þá er opið frá kl. 8:15 til 17:00 og þurfa foreldrar að skrá börn sín sérstaklega á þessa daga. Í upphafi skólaárs voru í kringum 40 börn skráð á þessa löngu daga. Í lok árs fór þeim fækkandi og voru í kringum 20 börn á síðustu löngu dögum.

Húsnæði

Það urðu breytingar á húsnæði Krakkakots í ár. Þar sem mikil fjölgun var í skólanum þurfti að breyta herbergjunum í Krakkakoti í skólastofur. Þar af leiðandi þurftum við að skipta Krakkakoti í tvennt. 1. bekkur hélt áfram að vera í suðurálmum en 2.-4. bekkur fóru í hús fyrir utan Flataskóla. Þegar leið á önnina komumst við að því að þetta var ekki boðlegt. Erfitt var að vera með 60 börn þar. Um áramót var því tekin sú ákvörðun að færa alla aftur inn í suðurálmum og kennslustofurnar voru færðar og fengum við í Krakkakoti það svæði aftur. Til að stækka svæðið breyttum við svæði á neðri hæðinni (fyrir framan gömlu smíðastofuna) í rólegt svæði fyrir börnin.

Krakkakot nýtti sér einnig tölvustofuna, bókasafnið og auðvitað útisvæðið. Húsnæðið er samt sem áður of lítið að mínu mati og erfitt að koma rúmlega 140 börnum á þetta svæði. Við vorum heppin með veturinn og var oft mjög gott veður og gátum við því verið mikið úti.

Eftirlit

Mikil áhersla er lögð á útiveru í Krakkakoti og er lögð áhersla á að á hverri útivakt séu að minnsta kosti tveir starfsmenn sem beri ábyrgð á börnunum á útisvæðinu. Þeir starfsmenn tómstundaheimilisins sem eru á útivakt sjá til þess að allt fari sem best fram og grípi inn í atburðarás ef þörf krefur. Nemendur geta snúið sér til þeirra með ýmsar kvartanir og fyrirspurnir eða ef upp kemur ágreiningur eða vandamál meðal nemenda.

Þar sem starfsemin í Krakkakoti dreifst á þó nokkur rými og herbergi eru ekki starfsmenn á hverju svæði allan daginn. Þegar við höfum hins vegar farið á svæði utan Krakkakots (s.s. bókasafnið og tölvuverið) er ávalt starfsmaður með í för sem hefur eftirlit með börnunum og heldur utan um þann hóp sem hann fer með hverju sinni.

Misjafnt er hvort krakkarnir eru sóttir eða fara heim sjálfir og hefur forstöðumaður yfirumsjón með þessu á degi hverjum. Í byrjun dags þarf að athuga hvort allir séu ekki mættir og ef einhver sem er skráður skilar sér ekki þá þarf að finna hann og/eða skýringuna á því hvar hann er. Finnist barn ekki eftir ítarlega leit á skólasvæði/starfssvæði verður að gera foreldrum viðvart, og einnig kanna hvort þeir hafi sótt barnið. Of oft kom fyrir að foreldrar gleymdu að láta vita að barn ætlaði ekki að mæta og mikill

tími fór í leit. Einnig kom of oft fyrir að barn sagðist ekki eiga að fara á æfingu þegar við vorum með upplýsingar um annað og fór því oft óþarflega mikill tími í símhringingar, dýrmætur tími sem annars hefði verið hægt að eyða með börnunum.

Forstöðumaður sér um tímaskráningu til Garðabæjar og skilar inn tímum fyrir fram fyrir 25. hvers mánaðar. Við höfum verið eins sveigjanleg með þetta og við getum en þetta fyrirkomulag þarf hins vegar að ítreka betur við foreldra því of oft hringja foreldrar eftir þennan tíma og vilja breyta tímafjölda eftir að greiðsluseðillinn hefur borist þeim.



Tómstundir úr Krakkakoti

Fjölmarginir nemendur fara frá okkur úr Krakkakoti í hinar ýmsu tómstundir dag hvern, s.s. fótbolta, fimleika, dans, skák, körfubolta, sund og í Tónlistarskóla Garðabæjar svo fátt eitt sé nefnt. Tryggja þarf að öll börnin séu búin að borða, séu klædd eftir veðri, hafi með sér allt sitt hafurtask og leggi af stað tímanlega til að mæta stundvíslega á æfingu. Gott skipulag og góð samskipti við foreldra og íþróttafélög er lykillinn að því að þetta gangi vel fyrir sig og hefur vel gengið með þennan þátt hjá okkur í vetur.

Samstarf og samskipti við foreldra

Samskipti við foreldra í Krakkakoti er stór partur af starfi forstöðumanns. Símhringingar, tölvupóstur og stutt spjall eða fundir eru nánast daglegur partur af starfinu hjá forstöðumanni. Ekki er ákveðinn fundardagur í Krakkakoti með foreldrum en foreldrum er ávalt velkomið að koma við eða panta tíma með forstöðumanni vilji þeir koma einhverju á framfæri í eigin persónu en ekki í gegnum símann eða tölvupóst. Símhringingar og tölvupóstar eru fjölmargar á hverjum degi og fer mikill tími forstöðumanns í að sinna hvoru tveggja. Hagnýtum upplýsingum er komið til foreldra í gegnum tölvupóst en einnig er upplýsingum komið inn á lokaða Facebook síðu foreldra. Síðan var einnig notuð í því skyni að deila myndum af starfinu. Síðan hefur fallið vel í kramið hjá foreldrum og forráðamönnum og reyndist forstöðumanni auðvelt að setja inn fréttir og myndir af starfinu í gegnum síma á meðan starfsemi Krakkakots var í gangi. Foreldrar voru því oft meðviðaðir um hvað börn þeirra voru að fást við þá og þá stundina.

Í byrjun árs fá foreldrar bækling þar sem hagnýtar upplýsingar um Krakkakot koma fram. Þessar upplýsingar fara einnig inn á Facebook síðu Krakkakots. Í Krakkakoti eru nokkrar grunnreglur sem fylgt er eftir. Sem dæmi má nefna:

- Börn mega ekki taka með sér dót að heiman í Krakkakot.
- Símar í Krakkakoti eru bannaðir og er skylda að geyma þá í skólatöskum.
- Ef breyting verður á dvöl barnsins verður að láta forstöðumann vita fyrir kl. 13:00 sama dag annars verður farið eftir umsókn með dvöl í Krakkakoti.
- Ef barn ætlar að fá að fara heim með öðru barni úr Krakkakoti þarf að láta forstöðumann vita af því með dags fyrirvara eða fyrir kl. 13:00 sama dag. Ekki verður gefið leyfi til að hringja heim samdægurs og spyrja leyfis þannig. Börn eiga ekki að hringja úr síma Krakkakots nema um neyðartilvik sé að ræða.
- Við brýnum fyrir foreldrum að koma inn og sækja börnin og láta starfsmenn vita nema búið sé að láta vita að barnið gangi sjálft heim. Annars fara starfsmenn í lok dags að leita að börnum sem gleymt hefur verið að skrá út.
- Uppsögn á plássi eða tilkynning um breytta dagvistun skal berast skriflega til forstöðumanns fyrir 22. hvers mánaðar, annars er hætta á að breytingar gangi ekki í gegn!

Það er mikilvægt að kunna þessar reglur því alltof oft kom fyrir að barn mætti ekki í Krakkakot og foreldrar létu ekki vita eða gleymdist að láta vita um breytingu á vistun. Í heildina voru þó samskipti og samstarf við foreldra mjög góð.

Samskipti við önnur tómsundaheimili í Garðabæ

Umsjónarmenn tómsundaheimilina hittust reglulega yfir skólaárið til að fá fleiri hugmyndir að viðfangsefnum og einnig til að vinna saman með sameiginleg markmið. Við spjölluðum mikið saman á Facebook ef einhver lenti í vandræðum með eitthvað. Samband umsjónarmanna var mjög gott. Miklu máli skiptir að undirstrika það að tómsundaheimilin reka ekki barnagæslu heldur er þar unnið markvisst og faglegt starf sem við getum verið stolt af.



Hvað má gera betur?

Það fyrsta sem mér dettur í hug er hússnæði Krakkakots. Ef fjöldinn verður svipaður í haust og í ár þá er oft á tíðum mjög þröngt og mjög mikil læti. Við reynum að dreifa okkur um skólann sem mest og hefur gengið ágætlega. Annað sem mér finnst leiðinlegt er hvað við sem vinnum í Krakkakoti fáum aldrei að vera með í byrjun annar á skipulagsdögum út af undirbúningsvikunni. Þar missum við til dæmis af skyndihjálpi sem ætti að vera skylda fyrir alla. Skipulagsdagar fyrir okkur finnst mér algjör nauðsyn.



Bæta þarf inn skipulagsdegi fyrir starfsmenn tómstundaheimila bæjarins í því skyni að starfsmenn geti skipulagt starfið enn frekar, sótt námskeið, símenntun, hópefli og fleira í því skyni að efla starfshópinn, starfsandann og fagvitund tómstundaheimilanna. Er það algjör skömm að ekki eigi að gera ráð fyrir því að starfsmenn tómstundaheimila bæjarins þurfi skipulagsdag líkt og aðrir starfsmenn innan skóla bæjarins. Við fengum einn skipulagsdag í ár og nýttum við hann og féll það vel í kramið hjá forstöðumönnum tómstundaheimilanna og starfsmönnum þeirra.

Að lokum er eitt sem ég væri til í, og ég held að stefnt sé að, en það er að fá aðstoðarforstöðumann. Við erum með í kringum 140 börn og getur álagið verið mikið. Þegar forstöðumaður varð veikur eða í leyfi varð oft mikil ringulreið í Krakkakoti. Enginn vissi hver átti að stjórna og nokkrum sinnum urðu rifrildi. Einnig þurfti forstöðumaður að vinna heima í tölvunni þegar hann lá veikur heima.



Lokaorð

Heilt yfir hefur starfið gengið vel þrátt fyrir að það hússnæðismál hafi verið þínu basl til að byrja með. Starfsmenn Krakkakots eru ánægðir og lögðu allir starfsmenn sig 100% fram á hverjum degi. Þrátt fyrir að hússnæði hafi batnað til muna um áramót er allt að springa utan af starfseminni og voru oft á tíðum mikil læti enda 140 börn á litlu svæði. Þetta er eitthvað sem umsjónarmaður mun hugsa vel fyrir næsta haust. Samskipti við skólann og foreldra hefur gengið vel og hafa margir foreldrar lýst yfir ánægju sinni með Krakkakot og komið með gagnlega og uppbyggjandi gagnrýni.

Þetta er fyrsta árið mitt sem forstöðumaður í Krakkakoti og er ég fyrst og fremst stoltur og ánægður með veturinn sem er að líða. Það er yndislegt að hafa fengið þetta tækifæri og að kynnast börnunum, foreldrunum og starfsfólki skólans eru forréttindi. Ég hlakka mikið til næsta hausts.

Finnur Jónsson, forstöðumaður tómstundaheimilis

